# FRÉTTABLAÐIÐ

218. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 18. SEPTEMBER 2015




**Sigrún Sigurðardóttir** er stofnandi Gæfusporanna og doktorsnemi í hjúkrunarfræði. Hún segir heilbrigðiskerfið á villigötum, þar sé í of miklum mæli einblínt á afleiðingar en ekki rót vandamálanna. Líkaminn muni áföll sem við lendum í og stundum þróist það út í líkamlega sjúkdóma. Hún vill gjörbylta kerfinu í takt við nýjustu rannsóknir.

SÍÐA 12

Föstudagsviðtalið

# Karlar í fangelsum og konur á spítölum

Fréttablaðið/Auðunn

## Engin spurning að verslunin lækki verð eftir tollasamning við ESB

**NEYTENDUR** „Þetta er klárlega mjög jákvætt fyrir íslenska neytendur,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Ísland og Evrópusambandið undirrituðu í gær samning sem mun fela í sér að báðir aðilar felli niður tolla í allmörgum tollflokkum. Þá munu báðir aðilar auka verulega tollfrjálsan innflutningskvóta á ýmsar tegundir af kjöti og ostum.

„Það sem er jákvætt við þetta er að þetta eru gagnkvæm niðurfelling og þá er þetta sóknartækifæri fyrir íslenskan landbúnað,“ segir hann.

Tollar á unnar landbúnaðarvörur munu falla niður að jógúrti undanskildu. Unnar landbúnaðarvörur eru vörur á borð við pitsur, pasta, bökunarvörur og fleira. Tollar á óunnum landbúnaðarvörum lækka einnig.

Íslensk verslun hefur lengi barist fyrir samningum af þessum toga. „Ég vona því að hún [verslunin] taki þessu fagnandi og skili þessum lækkunum til neytenda og taki þannig þátt í að halda niðri vöruverði í landinu og verðbólgu.“

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir að verslunin muni standa við sitt. „Þetta er mjög jákvætt skref og mun verða neytendum til hagsbóta,“ segir hann. „Það er náttúrulega engin spurning að verslunarfyrirtækin munu skila þessum tollalækkunum áfram til neytenda enda mikið hagsmunamál fyrir fyrirtæki sem eru í innflutningi á matvöru.“ Vonast er til að samningarnir taki gildi í árslok 2016 eða ársbyrjun 2017. – srs

> Það sem er jákvætt við þetta er að þetta er gagnkvæm niðurfelling og þá er þetta sóknartækifæri fyrir íslenskan landbúnað.



Sigurður Ingi Jóhannsson, landbúnaðarráðherra

## Fréttablaðið í dag

**SÉRBLAÐIÐ LÍFIÐ**

**Lausn fyrir svefnvana börn**

Eyrún Eggertsdóttir er frumkvöðull sem fann upp dúkkuna Lúllu. Hugmyndin kviknaði út frá fyrirburum á vökudeild og hefur nú orðið að svefnlausn fyrir foreldra yngri barna sem eldri.




**SKOÐUN** Sig Sigmarsdóttir skrifar um styrkta stóriðju. 16-17

**SPORT** Íslenska kvennalandsliðið vann Slóvakíu í æfingaleik. 18

**MENNING** Mannlegt nautaat í heimi samkeppninnar. 28-30

**LÍFIÐ** Björn Bjarnason fyrrum ráðherra leiðir hugleiðslu. 36-38

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður



Hæg vestlæg átt og stöku skúrir, en bjartviðri suðaustanlands. Vaxandi suðaustanátt og fer að rigna suðvestanlands um kvöldið. Hiti 6 til 15 stig, hlýjast fyrir sunnan. SJÁ SÍÐU 26

# Gagnrýnir Icelandair fyrir auglýsingar

**KJARAMÁL** Formaður Flugfreyjufélags Íslands, Sigríður Ása Harðardóttir, segir Icelandair mismuna með því að setja aldurstakmarkanir í störf flugliða en fyrirtækið hefur hafnað reyndum umsækjendum um starf á þeim forsendum að þeir séu fæddir fyrir 1980.

„Við héldum að þetta væri liðin tíð,“ segir hún en í stétt flugfreyja hefur verið tekist á um aldur. Aldurstakmarkanir voru við lýði í faginu allt til ársins 1973. Þá voru felldar niður aldurstakmarkanir í samningum við Loftleiðir og fyrsta kynslóð flugfreyja og flugþjóna gat gert starfið að ævistarfi.

„Ef fólk er í líkamlegu formi til að geta unnið um borð þá skil ég ekki af hverju aldur er atriði,“ segir Sigríður.

Flugfreyjufélag Íslands hefur beina aðild að ASÍ og styður sambandið í baráttu þess við að fá lögleidda ESB-tilskipun sem bannar aldursmismunun. Magnús Nordal, lögfræðingur ASÍ, sagði Icelandair verða að svara því hvers vegna þeir setji tiltekin aldursmörk við ráðningu flugliða. Sambandið hefur barist fyrir því að fá tilskipunina innleidda í fimmtán ár. Magnús segir þó að þrátt fyrir að nýja lagasetningu skorti þá brjóti bein og óbein mismunun á grundvelli aldurs ákvæði 65. greinar stjórnarskrár.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi fyrirtækisins, segir ástæðuna litla veltu starfsmanna og reynt sé að jafna aldursdreifingu í hópnum. **– kbg**

> **Ef fólk er í líkamlegu formi til að geta unnið um borð þá skil ég ekki af hverju aldur er atriði.**
>
> Sigríður Ása Harðardóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands



# Í þrívídd á Everest



**Leikstjórinn og forsetinn** Kvikmynd Baltasars Kormáks, Everest, var frumsýnd í gær á Íslandi. Forsetahjónin, Dorrit og Ólafur, voru mætt á frumsýninguna og léku við hvern sinn fingur ásamt Lilju Pálmadóttur og leikstjóranum sjálfum. Fréttablaðið/Anton Brink

# Vinna hafin við að tengja Bakka

**IÐNAÐUR** Landsnet og Mannvit hafa gert samkomulag um útboðshönnun tveggja 220 kílóvolta háspennulína. Línurnar munu tengja kísilmálmverksmiðju á Bakka við raforkukerfi landsins.

Línurnar verða, samkvæmt upplýsingum frá Landsneti, samtals um 62 km að lengd og skiptist vinna við byggingu þeirra á tvö ár. Verklok eru áætluð haustið 2017.

„Næsta sumar verður unnið við slóðagerð og undirstöður en vinna við yfirbygginguna og strenginguna leiðara fer fram sumarið 2017,“ segir í tilkynningu.

Í gær tóku forsætisráðherra, iðnaðarráðherra, sveitarstjóri Norðurþings og Waldemar Preussner, eigandi PCC, sem reisir og á verksmiðjuna, þátt í að klippa borða í tilefni framkvæmdanna. **– snæ**

# Birgir fær einkaleyfi á Hard Rock á Íslandi

**Fjárfestirinn Birgir Bieltvedt er kominn með tímabundið einkaleyfi á Hard Rock á Íslandi og íhugar að opna. Ef af verður mun Hard Rock opna á ný hér á landi árið 2016.**

Fjárfestirinn Birgir Bieltvedt, sem er einn eigenda Domino's á Íslandi og Joe and the Juice, er kominn með tímabundið einkaleyfi á Hard Rock á Íslandi. Þetta staðfestir hann í samtali við Fréttablaðið. Hann hefur enn ekki tekið endanlega ákvörðun um það hvort hann muni opna Hard Rock, en ef af því verður má búast við að Hard Rock verði opnað á ný á Íslandi á næsta ári.

„Ég er að skoða möguleikana. Ég er að skoða markaðinn aðeins og mögulegar staðsetningar og slíkt og er í sjálfu sér að vinna bara viðskiptaplanið, en mun taka ákvörðun innan eins til tveggja mánaða,“ segir Birgir. Birgir segist vera búinn að ræða við forsvarsmenn Hard Rock í smá tíma, en hafi ákveðið að tryggja sér einkaleyfi í þann tíma sem hann þurfi til að skoða málið, þar sem aðrir aðilar voru einnig búnir að nálgast keðjuna.

Spurður hvort hann telji að verði af þessu segist Birgir vera frekar jákvæður, annars hefði hann ekki verið að skoða þetta. „Hard Rock er vel þekkt vörumerki og þeir hafa undanfarin ár verið að blása nýju lífi í konseptið. Mikill fókus er núna á gæði í mat og slíku. Ég held að þetta henti vel á íslenskum markaði, en þetta er spurning um staðsetningu og tímasetningu,“ segir Birgir.

Birgir segist telja að staðurinn þyrfti að vera miðsvæðis. Aðspurður útilokar hann ekki að opna í Kringlunni aftur en segist sjálfur hafa mestan áhuga á að opna í miðbænum. Birgir hefur enn ekki ákveðið hver muni taka þátt í þessu með honum. „Ég þarf fyrst að taka ákvörðun um að gera þetta, svo mun ég ákveða hver verður með mér í þessu,“ segir Birgir.




**Hard Rock Café var starfrækt í Kringlunni á árunum 1987 til 2005.** Fréttablaðið/Einar Ólason

Í sumar var greint frá því að Hard Rock hefði áhuga á að opna hér á landi og væri að leita eftir samstarfsaðila til að sjá um rekstur veitingahúss staðarins. Hard Rock Café var rekið í Kringlunni frá 1987 til 2005. Tómas Tómasson (oft kenndur við Hamborgarabúllu Tómasar) opnaði fyrst staðinn, félagið Gaumur keypti svo stað Tómasar árið 1999 og rak hann til ársins 2005.

saeunn@frettabladid.is

> **Ég held að þetta henti vel á íslenskum markaði, en þetta er spurning um staðsetningu og tímasetningu**
>
> Birgir Bieltvedt fjárfestir



ÚTSALA
Mikil verðlækkun í nokkra daga
Gasgrill
Garðhúsgögn
Aukahlutir
Grillbúðin www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400 Opið virka daga 11-18 - Laugardaga 11-16




**Kynntu þér Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

Við blásum til sýningar á nýrri útgáfu af Land Cruiser 150 með nýrri og sparneytnari vél, háþróuðu myndavélakerfi og Blind Spot Monitor ásamt ríkulegum aukabúnaði. Skoðaðu hann líka í sérstakri afmælisútgáfu með Adventure pakka að verðmæti 750.000 kr. sem færir hann í æðra veldi.

**Láttu heillast laugardaginn 19. september kl. 12-16 hjá neðantöldum, viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi.**

**GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM***

5 5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur** verður dreginn úr hópi þeirra sem fá nýja Toyotu afhenta í september**

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



Nemendur í 10. bekk eru óvissir um hvernig þeir eiga að komast í framhaldsskóla. Í Verslunarskóla Íslands hefur til að mynda verið umræða um hæfnispróf. Fréttablaðið/Ernir

# Ekkert samráð haft við skólastjóra

**Formaður Skólastjórafélags Íslands segir ekkert samráð hafa verið um hæfnispróf sem eru í þróun hjá Menntamálastofnun. Hún segir sérkennilegt að treysta ekki námsmati grunnskóla. Nemendur segjast ekki vita hvernig þeir eigi að komast inn í framhaldsskóla.**



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is

**MENNTAMÁL** Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands, er stödd á námskeiði fyrir nýja skólastjórnendur sem haldið er í Borgarnesi í dag og á morgun. Hún segir nýjar fregnir um þróun hæfnisprófa koma sér á óvart.

Menntamálastofnun stefnir að því að bjóða nýtt hæfnispróf næsta vor þannig að þeir framhaldsskólar sem það kjósa geti notað það við inntöku. Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að viðræður stæðu yfir við skólastjóra grunnskóla og framhaldsskóla enda breytingarnar umfangsmiklar.

„Ég var að lesa þetta í fyrsta skipti í dag. Venjulega höfum við verið kölluð til en ég vissi ekki að þetta væri í farvatninu. Ég veit ekki hvaða skólastjóra hann hefur verið að ræða við, það hefur ekkert samráð verið haft við Skólastjórafélag Íslands og hreinlega ekkert samtal verið um þessi mál,“ segir Svanhildur. Hún kannast ekki við að rætt hafi verið við skólastjóra grunnskóla. „Mér finnst þetta mjög óþægilegt því við höfum ýmsar faglegar skoðanir á þessu máli sem koma að gagni við ákvörðun um þetta mál.“

Ekki hefur verið endanlega ákveðið hvernig fyrirkomulag hæfnisprófa verður en þau verða unnin og þeim stýrt af hálfu Menntamálastofnunar.

„Framhaldsskólar geta ákveðið fyrirkomulag sinnar inntöku og hvort þeir styðjist við hæfnispróf eða ekki en þau eru ekki hugsuð sem inntökupróf. Allir nemendur eiga rétt á framhaldsskólavist hver svo sem niðurstaða þeirra verður á hæfnisprófi,“ sagði Arnór um prófin.

Svanhildur telur sérkennilegt að nokkrir skólar geti farið þá leið að velja nemendur til sín. „Það er mjög sérkennilegt, því að í framhaldsskólum á að vera nám við hæfi allra nemenda. Rétt eins og á öðrum skólastigum. Og að það skuli vera nokkrir skólar sem geti valið nemendur til sín, af hverju taka þeir ekki bara alla nemendur, á hvaða getustigi sem þeir eru? Við höfum lög, aðalnámsskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla, þar sem ekkert skólastig hefur heimild til að velja sér nemendur að vild.“

Um hæfnisprófin spyr Svanhildur sig af hverju ekki sé hægt að treysta niðurstöðum námsmats úr grunnskóla út frá þeim hæfnisviðmiðum sem eiga að vera að baki bókstafaeinkunnum. „Af hverju ekki að treysta niðurstöðum námsmats út frá þeim viðmiðum sem menntamálaráðuneytið hefur sjálft sett, eru viðmiðin þá ekki nothæf?“

Arnór sagði Menntamálastofnun munu skoða samhengi skólaeinkunna og einkunna úr samræmdum prófum bæði aftur í tímann og í tengslum við skólaeinkunnir næsta vor. Í því samhengi eigi að kanna hvort mikil frávik séu í einkunnagjöf skóla.

> **Af hverju ekki að treysta niðurstöðum námsmats út frá þeim viðmiðum sem menntamálaráðuneytið hefur sjálft sett, eru viðmiðin þá ekki nothæf?**
>
> Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands





Þau Viktor Andrason, Tristan Elvuson, Elfa Hlynsdóttir og Embla Óðinsdóttir eru í 10. bekk í Réttó. Fréttablaðið/Pjetur

## Skapar óvissu meðal nemenda

Þau Tristan Elvuson, Viktor Andrason, Embla Óðinsdóttir og Elfa Hlynsdóttir eru nemendur í 10. bekk í Réttarholtsskóla og hafa öll fengið fræðslu um fyrirkomulag námsmats í ár. Þau vita því hvernig þau útskrifast úr grunnskóla en ekki hvernig þau komast inn í framhaldsskóla og eru sum hrædd um að mistakast í hæfnisprófi.

„Ég veit það upp að vissu marki hvernig námsmat fer fram í lok vetrar en ekki alveg,“ segir Tristan og segist líka hafa vitað af því að það væri stefnt að hæfnisprófum. „Ég vissi af þeim en veit ekki hvernig þau verða framkvæmd. En að vissu leyti er sanngjarnara að taka svona próf. Það munar svo miklu á B í Réttó og B í einhverjum öðrum skóla.“

Viktor segist heldur ekki vita alveg nákvæmlega hvernig árangur vetrarins verður metinn. „Ég veit aðeins það sem kennarar og skólastjórar hafa sagt okkur. Ég myndi hugsa um að taka hæfnispróf ef þörf væri á. Ég vissi ekki að það væri búið að ákveða þau en vissi samt að þau væru í umræðunni tengd ákveðnum skólum.“

Embla hefur kynnt sér málið afar vel og leitað eftir upplýsingum um mat á árangri. „En samt finnst mér margt mjög óskýrt í þessum efnum. Það er óljóst hvernig sumir þættir námsins eru metnir og menntaskólar fá ekki að vita alla stöðuna. Þeir fá óskýra mynd. Ef ég fæ mörg A en eitt B og eitt C, þá fæ ég kannski B+. Styrkleikar hvers og eins eru ekki sýnilegir í samantektinni. Ein lítil villa getur skemmt töluvert fyrir þér.“

Elfa segist mundu leggja á sig að fara í hæfnispróf ef hún þarf. Hana langar í Menntaskólann í Hamrahlíð. „Ég veit hvernig ég útskrifast úr grunnskóla en hef ekki hugmynd um hvernig ég kemst inn í framhaldsskóla. Hæfnisprófin eru ekki endilega sanngjörn, við erum svo misjöfn. Þú gætir hitt á vondan dag þegar prófið er, kannski hefur þú verið veik eða líður illa. Á meðan annar á góðan dag. Frammistaða alls ársins er metin í einu prófi þennan eina dag,“ segir hún og segist ekki viss um að það sé góð aðferð.

> **Ég veit hvernig ég útskrifast úr grunnskóla en hef ekki hugmynd um hvernig ég kemst inn í framhaldsskóla.**
>
> Elfa Hlynsdóttir
> nemandi í 10. bekk í Réttarholtsskóla

Lyfjaauglýsing

Nicotinell



NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Ertu að hætta að reykja?
Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?

Fæst í 6 bragðtegundum!

Nicotinell, lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Hætta skal alfarið reykingum meðan á meðferð með Nicotinell stendur. Upphafsskammtur skal ákvarðaður út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Verði vart við aukaverkanir þegar hærri styrkleiki er notaður skal íhuga að skipta yfir í lægri styrkleika. Meðferðarlengd er einstaklingsbundinn. Samtímis neysla á súrum drykkjum, eins og t.d. kaffi og sódavatni, getur minnkað frásog nikótíns í munni. Forðast skal þessa drykki í 15 mínútur fyrir notkun lyfjatyggigúmmís. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmíi og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Vegna eiginleika lyfjatyggigúmmís sem lyfjaforms getur nikótínþéttni í blóði verið mismunandi á milli einstaklinga. Því skal miða tíðni skammta við einstaklingsþörf, innan uppgefinna hámarksskammta. Tyggja skal eitt lyfjatyggigúmmí þar til finnst sterkt bragð. Lyfjatyggigúmmíið skal því næst hvíla á milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal byrja að tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mínútur. Í flestum tilfellum skal meðferðin standa í a.m.k. 3 mánuði. Eftir 3 mánuði skal draga smám saman úr notkun. Venjulega er ekki mælt með notkun Nicotinell lyfjatyggigúmmís lengur en í eitt ár. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Þeir sem reykja ekki og þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna eiga ekki að nota Nicotinell. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota Nicotinell ef þú: ert þunguð, með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi. Einstaklingar undir 18 ára aldri mega ekki nota Nicotinell nema að læknisráði. Nikótín sem er gleypt getur valdið versnun einkenna hjá sjúklingum sem eru með bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgu eða magasár. Einstaklingum með gervitennur, eiga við vandamál í liðamótum kjálka og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform en lyfjatyggigúmmí. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Athuga ber að lyfjatyggigúmmíið og munnsogstöflurnar innihalda natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar en sumar bragðtegundir innihalda að auki sorbitól (E420), maltitól (E965) eða aspartam (E 951) sem ekki allir mega taka. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

# PYREXDAGAR

## 17. - 21. SEPTEMBER

PYREX

**20%**
afsláttur af kassa

**Kynningar laugardaginn 19.09**

**Ægir Friðgeirsson**
*Yfirmatreiðslumaður á Café Flóru* ætlar að baka súrdeigsbrauð í SlowCook pottunum og gefa að smakka.

**Skeifan kl. 13-14:30**
**Smáralind kl. 15-17**



**15.999**
verð áður 19.999

**SlowCook**
29 cm. 3,8 lítra.



**3.999**
verð áður 4.999

**Leirmót**
2 í pakka.

100 PYREX ans / years



**2.799**
verð áður 3.499

**Eldföst mót**
**100 ára afmælisútgáfa**
2 glerbox með loki, fjölnota innkaupapoki fylgir með.



**3.199**
verð áður 3.999

**Eldföst mót**
**100 ára afmælisútgáfa**
3 glerbox með loki. 0,35, 1,1 og 2,6 lítra.



**4.399**
verð áður 5.499

**Eldföst mót**
3 í pakka.



**2.527**
verð áður 3.159

**Eldföst mót**
3 í pakka.

Allt vöruúrvalið fæst í Smáralind, Skeifunni og Kringlunni. Minna úrval í öðrum verslunum.

24 Hagkaup **OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Ráðherra segir sniðgöngu áhrifalausa

**Utanríkisráðherra segir það hafa engin áhrif þótt borgin sniðgangi ísraelskar vörur. Hann efast um að ákvörðunin standist lög um opinber innkaup.**

**UTANRÍKISMÁL** Ákvörðun borgarstjórnar um að borgin sniðgangi vörur frá Ísrael hefur lítið vægi að mati Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra. Hann veltir því einnig fyrir sér hvort ákvörðunin samræmist lögum um opinber innkaup. „Þar gilda ákveðnar reglur þegar kemur að ríki og sveitarfélögum og hvort sveitarfélögum er heimilt að mismuna með þessum hætti.“

Gunnar Bragi segir að lög sem eru í gildi frá árinu 2008 varðandi þvinganir geri ráð fyrir að íslensk stjórnvöld geti tekið undir og staðið í þvingunum sem beitt er af alþjóðastofnunum, ríkjabandalögum og slíku. „Áhrifin á Ísrael eru vitanlega engin þegar Reykjavíkurborg gerir þetta. Ef það væru fleiri aðilar að þessu þá gæti þetta hugsanlega haft einhver áhrif,“ segir Gunnar Bragi. Hann segist líka velta því fyrir sér hvort meirihlutinn í borgarstjórn, sem stendur einn að baki samþykkt þessarar ályktunar, hafi tekið þessa ákvörðun á grundvelli flokkssamþykkta sinna flokka eða í samráði við þingflokka þeirra á Alþingi.

Pétur Dam Leifsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, segir mikilvægt að fólk rugli þessari ákvörðun alls ekki saman við eiginlegar þvingunarráðstafanir af hálfu ríkja en veltir því fyrir sér hvort þessi ályktun borgarstjórnar feli ekki frekar í sér einhvers konar tilmæli borgarstjórnar til stofnana borgarinnar fremur en eiginlegar þvinganir.

„Það er ýmsum spurningum ósvarað. Er um að ræða reglur eða aðeins tilmæli og hvaða þýðingu hefur það þá ef ekki er farið eftir þessu?“ spyr Pétur Dam þegar hann er inntur eftir viðbrögðum.

„Einkaaðilar mega auðvitað almennt beina viðskiptum sínum þangað sem þeir vilja og sama gildir almennt um einkaréttarleg viðskipti sveitarfélaga og hins opinbera svo lengi sem gætt er að almennum sjónarmiðum og lögum varðandi bann við mismunun, útboðsskyldu, og svo framvegis.“ Pétur Dam segist telja það vera harla óvenjulegt að sveitarfélög reki einhverja stefnu af þessu tagi gagnvart einstökum ríkjum. „Og við slíkar aðstæður hlýtur þá að rísa spurning um samstarf ríkis og sveitarfélaga. Það kunna þá undir vissum kringumstæðum að vakna spurningar um það hvort ríkinu finnist sveitarfélagið mögulega vera að feta brautir sem nálgast valdmörk ríkis og sveitarfélaga með hliðsjón af því að utanríkismál og utanríkisviðskipti heyra jú undir það.“

jonhakon@frettabladid.is

## Ísraelskar vörur

Borgarlögfræðingur og innkaupadeild Reykjavíkurborgar munu útfæra sniðgöngu borgarinnar á ísraelskum vörum í vikunni. Tómas Hafliðason verkfræðingur birti færslu á vefsvæði sínu þar sem hann taldi til nokkrar vörur sem eru framleiddar í Ísrael eða af fyrirtækjum sem hafa stutt Ísraelsríki. Þar á meðal eru Coca Cola, Pepsi Co, Siemens, L'Oréal og Revlon. Matvælaframleiðandinn Nestlé framleiðir einnig vörur í Ísrael og notar ísraelskar vörur í framleiðslu sinni. Þá keypti ísraelski samheitalyfjarisinn Teva Pharmaceutical Industries samheitalyfjahluta Allergan, móðurfélags Actavis, á síðasta ári.

**Ef það væru fleiri aðilar að þessu þá gæti þetta hugsanlega haft einhver áhrif**

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra



## Réttir um allan heim



**Haustverkin afgreidd** Það er víðar en á Íslandi sem réttir standa yfir nú um stundir. Þessi svissneska kind var dregin í dilk af eiganda sínum í gær eftir sumar í Ölpunum. Fréttablaðið/EPA

# Hagnaður Flugfélagsins 154 milljónir

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Flugfélags Íslands eftir skatta nam 154 milljónum á síðasta ári.

Það er þreföldun frá árinu á undan, þegar hagnaðurinn nam 49,6 milljónum króna. Rekstrartekjur eru álíka miklar á milli ára. Þær voru 5.824 milljónir í fyrra en 5.806 milljónir árið á undan. Rekstrarkostnaður fer hins vegar úr 5.072 milljónum í 4.943.

Hagnaður Icelandair Group, móðurfélags Flugfélags Íslands, nam 66.500 dollurum, eða 8,5 milljörðum króna. Hlutur Flugfélagsins í þeim hagnaði er því ekki mikill. – jhh



**LEIÐRÉTT**

*Emmessís var ranglega tengdur við MS (Mjólkursamsöluna) í frétt á síðu 2 í gær. MS seldi ísgerð sína einkaaðilum árið 2007. Rétt fyrirsögn hljóðar því „Tollur á frostpinna verndar Kjörís og Emmess“.*



Flóttamenn bíða í röð eftir að geta skráð sig inn í Króatíu í gær. Fréttablaðið/EPA

# ESB fundar um dreifingu flóttamanna um Evrópu

**FLÓTTAMENN** Ríflega sjö þúsund flóttamenn hafa farið yfir landamæri Króatíu frá Serbíu á síðastliðnum tveimur sólarhringum. Ástæðan er lokun landamæra Ungverjalands.

Innanríkisráðherra Króatíu, Ranko Ostojic, hefur sagt að landið geti ekki tekið við fleiri flóttamönnum. Átök hafa brotist út á milli lögreglu og flóttamanna.

Leiðtogaráð Evrópusambandsins hefur verið kallað saman til fundar á miðvikudag í næstu viku. Markmið fundarins er að búa til áætlun um hvernig dreifa eigi flóttamönnum á sem sanngjarnastan máta um Evrópulöndin. Ungverjaland, Slóvakía, Tékkland, Rúmenía og Pólland eru helstu andstæðingar þess að skyldubundnir kvótar verði lagðir á löndin. – snæ


Stál og plast þakrennur
Allir fylgihlutir fáanlegir



GALECO
Frábært verð!
Sjá verðlista á: www.murbudin.is
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is






**DIDRIKSONS** HAMRES
STÆRÐIR 80–140
TILBOÐSVERÐ
**11.192 KR.**
VERÐ: 13.990 KR.



**DIDRIKSONS** IZUSA
STÆRÐIR 80–140
TILBOÐSVERÐ
**11.192 KR.**
VERÐ: 13.990 KR.



**COLUMBIA** POWDER
STÆRÐIR 2XS–XL
TILBOÐSVERÐ
**10.312 KR.**
VERÐ: 12.890 KR.



**DIDRIKSONS** DANE
STÆRÐIR 130–170
TILBOÐSVERÐ
**15.192 KR.**
VERÐ: 18.900 KR.



**COLUMBIA** MERCURY MAVEN II
STÆRÐIR S–XL
TILBOÐSVERÐ
**27.992 KR.**
VERÐ: 34.990 KR.



**COLUMBIA** LAY 'D'
STÆRÐIR S–XL
TILBOÐSVERÐ
**39.992 KR.**
VERÐ: 49.990 KR.



**COLUMBIA** TRASK MOUNTAIN
STÆRÐIR XS–XL
TILBOÐSVERÐ
**27.992 KR.**
VERÐ: 34.990 KR.



**BERGANS** HELLA LADY
STÆRÐIR XS–XL
TILBOÐSVERÐ
**39.512 KR.**
VERÐ: 49.390 KR.



**DIDRIKSONS** YED
STÆRÐIR S–XXXL
TILBOÐSVERÐ
**23.992 KR.**
VERÐ: 29.990 KR.



**COLUMBIA** FLASH FORWARD
STÆRÐIR S–XXL
TILBOÐSVERÐ
**23.992 KR.**
VERÐ: 29.990 KR.



**BERGANS** NOSI INS
STÆRÐIR S–XXL
TILBOÐSVERÐ
**31.992 KR.**
VERÐ: 39.990 KR.



**COLUMBIA** BARLOW
STÆRÐIR XS–XL
TILBOÐSVERÐ
**47.992 KR.**
VERÐ: 59.990 KR.

PIPAR\TBWA • SÍA

**LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR**
Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | OPNUNARTÍMI |
|---|---|---|
| Fiskislóð 1 | Tryggvabraut 1–3 | Mán.–fös. 10–18 |
| Sími 580 8500 | Sími 460 3630 | Lau. 10–16 |

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA



Frá kr. 139.900

# Sikiley

5. október í 10 nætur

Sikiley kemur á óvart með áhugaverði blöndu af öllu því helsta sem ferðamenn sækjast eftir. Samfelld 3000 ára menningarsaga, einstök náttúrufegurð, ótrúlegar fornminjar, fallegar byggingar og söfn, ásamt áhugaverði matarmenningu og blómlegu mannlífi – allt þetta og miklu fleira finnurðu á Sikiley.

Heimsferðir bjóða bæði sérferð og sólarferð í beinu flugi til Sikileyjar í byrjun október á yndislegum tíma. Hitastigið er ennþá notalegt og hentar bæði til sólbaða og fyrir þá sem vilja verja tímanum til að skoða þessar stórbrotnu eyju.

## Sérferð

Í sérferðinni er flogið til Palermo og dvalið í 5 nætur á Campofelica di Rocella ströndinni sem er 45 km austan við Palermo og um 15 km frá Cefalu bænum. Þar er boðið upp á kynnisferðir til Cefalu, Palermo og Monreale, ásamt dagsferð til Corleone. Þann 10. október er ekið til austurstrandarinnar og dvalið á ferðamannastaðnum Giardino Naxos í 5 nætur þar sem áhugaverðar kynnisferðir eru í boði með íslenskum fararstjórum.



**Frá kr. 199.800**
**m/hálft fæði og drykki innifalið**

Netverð á mann frá kr. 199.800 á Fiesta Garden Beach og Hotel Giradini Naxos Villas m.v. 2 í herbergi m/hálfu fæði og drykkjum með kvöldverð.

## Sólarferð

Í sólarferðinni er flogið til Palermo og ekið til ferðamannastaðarins Giardini Naxos á austurströndinni og dvalið þar í 10 nætur. Bestu baðstrendurnar á Sikiley eru á austurströndinni og þar er öll þjónusta við ferðamanninn eins og best verður á kosið. Bæir og þorp flétta á skemmtilegan hátt saman það besta úr fortíð og nútíð og matarmenningin sameinar ítölsk og arabísk áhrif og er afar heillandi. Á Sikiley eru einnig framleidd afar góð vín.




**Frá kr. 139.900**
**m/morgunmat innifalinn**

Netverð á mann frá kr. 139.900 á Hotel Tysandros m.v. 2 í herbergi m/morgunmat innifalinn.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Heimsferðir


# Íbúar í Buenos Aires fundu jarðskjálftann

**Jarðskjálfti upp á 8,3 á Richterskvarða reið yfir Chile á miðvikudagskvöld. Átta manns létu lífið í kjölfar hans. 4,5 metra flóðbylgja skall á ströndum landsins.**

**CHILE** Átta létust í jarðskjálftanum í Chile síðastliðið miðvikudagskvöld og um milljón manns yfirgáfu heimili sín í kjölfar skjálftans. Einnar manneskju er saknað.

Skjálftinn reið yfir rétt fyrir klukkan ellefu að íslenskum tíma og upptök hans voru um 232 kílómetra norðvestur af Santiago, höfuðborg Chile. Skjálftinn mun hafa varað í um þrjár mínútur og fundu Chilebúar fyrir nokkrum eftirskjálftum.

Byggingar inni í landi léku á reiðiskjálfi og 4,5 metra flóðbylgja skall á ströndum Chile. Michelle Bachelet, forseti Chile, ávarpaði þjóðina á miðvikudaginn.

„Enn og aftur horfumst við í augu við reiðarslag af völdum náttúrunnar,“ sagði hún og hvatti landsmenn til að halda sig frá ströndum landsins en yfirvöld lýstu yfir varúðarástandi vegna hættu á flóðbylgjum. Því hefur nú verið aflétt.

Jarðskjálftinn var öflugri en sá sem varð í Nepal í apríl síðastliðnum. Skjálftinn í Chile var 8,3 stig á Richterskvarða en sá sem varð í Nepal um 8,1 stig. Íbúar í Buenos Aires í Argentínu munu hafa fundið fyrir skjálftanum.

Með hliðsjón af mikilli eyðileggingu og mannfalli í Nepal mega Chilebúar teljast heppnir en skaðinn af skjálftanum er bara brot af eyðileggingunni sem varð í Nepal.

Árið 2010 reið yfir Chile fimmti stærsti jarðskjálfti sem mælst hefur, 8,8 stig. Sá skjálfti olli víðtækri eyðileggingu en 525 manns létust og 25 týndust.

Jarðskjálftar eru afar algengir á svæðinu en eftir jarðskjálftann árið 2010 vörðu stjórnvöld umtalsverðu fjármagni til að tryggja að viðlíka eyðilegging ætti sér ekki stað aftur. Viðbúnaðurinn virðist hafa virkað en eyðileggingin var ekki mikil miðað við styrk skjálftans.

**stefanrafn@frettabladid.is**

## Jarðskjálftinn í Chile




HEIMILD: Jarðfræðistofnun Ba © GRAPHIC NEWS

### Jarðskjálftar í Chile

**2015 8,3**
á Richter 8 manns létust

**2012 8,8**
á Richter 525 manns létust

> **Enn og aftur horfumst við í augu við reiðarslag af völdum náttúrunnar.**
>
> Michelle Bachelet




# Félagsfundur VR

**Fimmtudaginn 24. september kl. 18:00**
**í Húsi verslunarinnar.**

Á dagskrá fundarins verður kosning þingfulltrúa á komandi sambandsþing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna í október næstkomandi.

Fundurinn verður haldinn í **fundarsal VR** í Húsi verslunarinnar á **0. hæð** hússins.

Virðing
Réttlæti
VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga án fyrirvara á verði og búnaði.

***Ríkulegur staðalbúnaður:** *8 gíra sjálfskipting með skiptingu í stýri, Porsche ferðahleðslustöð, leðurinnrétting, rafdrifin þægindasæti fyrir bílstjóra og farþega, hiti í framsætum, stillanleg fjöðrun (PASM ), Bi-Xenon ljós, 18" álfelgur, fullkomið hljómkerfi með 10 hátölurum, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifinn afturhleri, skriðstillir (Cruise Control) o.m.fl.

# Rafmagns - Porsche!

Á tæknilegri hraðferð inní framtíðina mun Porsche aldrei slá af kröfum sínum um einstaka sporteiginleika og frábæra akstursupplifun hjá ökumanni. Plug-In Hybrid útgáfan af sportjeppanum Cayenne fullnægir þeim markmiðum fullkomlega. Hann getur gengið eingöngu fyrir rafmagni, eingöngu fyrir bensíni eða virkjað báða aflgjafana jöfnum höndum. Plug-In Hybrid er stungið í samband við heimilisrafmagn og hleðslustöð fylgir með bílnum.

Komdu og upplifðu snilldina í Porsche salnum.

## Porsche Cayenne S E-Hybrid
## Verð: 13.490 þús. kr.*

PORSCHE

**Porsche Cayenne S E-Hybrid**
416 hestöfl • 590Nm tog
Hröðun 5.9 sek. 0-100 km/klst.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Porsche á Íslandi • Bílabúð Benna**
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík S: 590 2000
porsche@porsche.is • www.benni.is

**Opnunartími:**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

# Friðlýsingum haldið áfram á ís

Vinna við friðlýsingu 20 svæða á grundvelli rammaáætlunar liggur áfram niðri hjá Umhverfisstofnun að óbreyttu. Fjárframlög voru skorin niður 2014 þrátt fyrir að í lögum sé gert ráð fyrir að unnið sé að friðlýsingum. Á nýjum fjárlögum er sú staða óbreytt.

## Kostir í verndarflokki sem ber að friðlýsa skv. lögum







Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Ekki eitt einasta af þeim 20 svæðum sem stokkast hafa í verndarflokk í núgildandi áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða (rammaáætlun) hefur verið friðlýst – þvert á lög. Vinna við friðlýsingarnar liggur niðri en ástæðan er að fjármagn var skorið niður þrátt fyrir að ekki sé um stórar upphæðir að ræða.

**Áskorun Landverndar**

Stjórn Landverndar sendi frá sér áskorun til Sigrúnar Magnúsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, á þriðjudag þess efnis að tryggja fjármagn til friðlýsingar svæða í verndarflokki rammaáætlunar. Lögin voru samþykkt árið 2013 – eða fyrir tveimur og hálfu ári – en á þeim tíma hefur ekki eitt einasta svæði sem fellur undir lögin um rammaáætlun verið friðlýst. Þó bendir Landvernd á að stjórnvöldum beri samkvæmt lögum að hefja þegar í stað undirbúning að friðlýsingu svæða sem lenda í verndarflokki.

Það er Umhverfisstofnun sem sinnir friðlýsingum. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014 var fellt niður framlag til stofnunarinnar til friðlýsingar svæða og engar breytingar á því eru sjáanlegar í nýframkomnu fjárlagafrumvarp.

Stjórn Landverndar skorar á ráðherra og alþingismenn að auka fjárframlög til friðlýsinga svo framfylgja megi lögum og skapa meiri sátt um virkjanamál á Íslandi.

**Aftur á núllpunkti**

Árið 2013 var lagður mikilvægur grunnur að undirbúningi friðlýsinga svæða í verndarflokki rammaáætlunar hjá Umhverfisstofnun. Þegar þingsályktunartillagan var endanlega samþykkt í janúar var auglýst eftir starfsmönnum í verkefnið. Í samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneytið var ákveðið að leggja áherslu í upphafi á svæði innan þjóðlenda. Haldinn var samráðsfundur með forsætisráðuneytinu í tengslum við þá áherslu og lagður grunnur að verklagi. Enn fremur voru haldnir nokkrir samráðsfundir með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, fulltrúum sveitarfélaga ásamt Náttúrufræðistofnun. Í lok árs var undirbúningsvinnan hins vegar sett á ís – og fjárskorti kennt um af fjárveitingavaldinu. Umhverfisstofnun hefur hins vegar bent á að mikinn hluta þeirrar vinnu sem þegar hefur verið unnin í samráði og kynningu þurfi að endurtaka ef sú bið verður löng. Því styttist í að þessi undirbúningsvinna sem þó hafði verið unnin fari fyrir lítið.

**37,5 milljónir**

Þegar sú ákvörðun lá fyrir um áramótin 2013 og 2014 að peningar yrðu ekki veittir Umhverfisstofnun til friðlýsinga þá var í framhaldinu sex starfsmönnum sagt upp störfum. Þeir starfsmenn sem unnu að friðlýsingum höfðu aðeins verið hjá stofnuninni í eitt ár – sérstaklega ráðnir vegna friðlýsinga er tengdust rammaáætlun. Árið 2013 varði stofnunin 37,5 milljónum króna á núvirði til friðlýsinga – og átti það við bæði friðlýsingar tengdar rammaáætlun og samkvæmt náttúruverndaráætlun. Það er nefnilega svo að friðlýsingar eru í tengslum við rammaáætlun, náttúruverndaráætlun og samkvæmt tillögum sveitarfélaga, landeigenda eða annarra aðila.

Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir að vinna hafi byrjað við alla 20 kostina sem voru settir í verndarflokk. Hins vegar hafi verkefnin verið komin mislangt þegar vinnan var aflögð, og af ýmsum ástæðum. Ein þeirra var sú að viðkomandi hagsmunaaðilar, sveitarfélögin ekki síst, voru í sumum tilfellum tvístígandi eða neikvæð gagnvart friðlýsingu á þeim svæðum sem voru þá komin í verndarflokk. Sumum kom einfaldlega á óvart að svæði í verndarflokki skyldi friðlýst. Síðar þegar verkefnastjórn rammaáætlunar hóf vinnu við 3. áfanga áætlunarinnar þá hafi fleira kynt undir efasemdum um friðlýsingar.

**Orkupólitík**

Hér vísar Sigrún til erindis sem Orkustofnun sendi verkefnisstjórninni í janúar 2015 þar sem lagt var til að verkefnastjórnin íhugi virkjanakosti sem eru í verndarflokki rammaáætlunar. Málið varð tilefni harðra deilna á Alþingi og í samfélaginu, en var þó bara ein alda deilumála af fjölmörgum sem hafa risið vegna rammaáætlunar að undanförnu. Gagnrýnendur hafa reyndar fullyrt að fé til friðlýsinga hafi verið skorið niður í þeim tilgangi einum að tryggja að virkjunarkostir í verndarflokki verði ekki friðlýstir. Þannig sé því haldið opnu að þeir verði nýttir til orkuvinnslu í framtíðinni. Má segja að stríðshanskanum hafi verið kastað þegar Sigurður Ingi Jóhannsson, þáverandi umhverfisráðherra, hætti við að undirrita friðlýsingu Þjórsárvera með nokkurra klukkutíma fyrirvara. Var það vegna erindis Landsvirkjunar þar sem athugasemdir voru gerðar við málsmeðferðina – en friðlýsingin hefði þýtt að fyrirætlanir um Norðlingaölduveitu hefðu verið endanlega úr sögunni.

En Sigrún bendir á að peningar skýri málið ekki til fulls. Stórt vandamál er að þegar svæði er sett í verndarflokk þá er svæðið ekki skilgreint sem friðlýsa skal – öfugt við náttúruverndaráætlun. Því er í þingskjalinu um flokkun kosta engin skýr leiðsögn um hvaða svæði á að friðlýsa. „Grunnurinn fyrir okkur í þessari vinnu þyrfti að vera skýrari og við höfum talið að skerpa verði á lögunum sjálfum,“ segir Sigrún.

> Það er einhugur hjá Umhverfisstofnun og ráðuneytinu um að þessi vinna er gríðarlega mikilvæg og það sé í forgangi – að gera þetta í ljósi virkrar náttúruverndar.
>
> Sigrún Ágústsdóttir, deildarstjóri hjá Umhverfisstofnun



**Bara hálf sagan sögð**

Sigrún bendir hins vegar á að friðlýsing sé góðra gjalda verð en þar með sé aðeins hálf sagan sögð. Friðlýst svæði á Íslandi eru 114 talsins og ná til 20% af flatarmáli Íslands. Á sama tíma eru aðeins til þrettán verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir þessi svæði. Og það á sama tíma og náttúruminjar eru margar hverjar undir miklu álagi, m.a. vegna aukins fjölda ferðamanna sem sækir Ísland heim, en eðlilega lítur ferðaþjónustan á friðlýst svæði sem matarholur með tilheyrandi álagi.

Við þessu þarf að bregðast, segir Sigrún, með uppbyggingu og stjórnun á friðlýstum svæðum. Það verður best gert með gerð verndar- og stjórnunaráætlana. Annað sem kallar á slíka vinnu, sem er í forgrunni hjá Umhverfisstofnun vegna fjárskorts til friðlýsinga, má sjá á svokölluðum rauðum lista yfir svæði sem eru í verulegri hættu á að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta.

Spurð hvaða gildi friðlýsing hefur án verndar- eða stjórnunaráætlunar er svarið að þegar ákveðið hefur verið að friðlýsa svæði ætti áætlun að fylgja um hvernig svæðið verður varðveitt til framtíðar – eða góð drög að slíkri áætlun. Skylda til slíkrar áætlanagerðar hefur verið í lögum frá 1999, hið stysta, en lengi var lagt upp með að hún væri afar víðtæk. Það fari svo eftir viðkomandi svæði hvaða vægi friðlýsing hefur – skiptir litlu fyrir stað sem fáir vita af en miklu máli fyrir fjölsótt svæði.

„Við vildum hafa áætlanirnar hnitmiðaðar og breyttum aðferðafræðinni sem skilar meiri afköstum. Öllum verkefnum hefur verið forgangsraðað og margar áætlanir langt komnar. Það er einhugur hjá Umhverfisstofnun og ráðuneytinu um að þessi vinna er gríðarlega mikilvæg og það sé í forgangi – að gera þetta í ljósi virkrar náttúruverndar.“




Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

HEILSURÚM

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

# Áföll geta skapað líkamleg vandamál

**Sigrún Sigurðardóttir er stofnandi Gæfusporanna. Hún segir nauðsynlegt að ráðast að rót vandans en ekki einbeita sér að einkennum. Hún átti sér ung þann draum að gerast rannsóknarlögregla, en hefur nú fundið sína hillu. Hún vill gjörbreyta heilbrigðiskerfinu.**

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is





Sigrún Sigurðardóttir segir yfirmenn velferðarkerfisins gera lítið úr þolendum áfalla og ofbeldis. Fréttablaðið/Auðunn

Þær voru allar dottnar út af vinnumarkaði, voru ekki í námi, öryrkjar eða á endurhæfingarlífeyri," segir Sigrún Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, lektor í Háskólanum á Akureyri og upphafskona Gæfusporanna, endurhæfingarúrræðis fyrir konur sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku.

„Við erum svo oft að reyna að lækna einkenni án þess að ráðast á rótina. Við sjáum það í Gæfusporunum að þessar konur, sem eru að glíma við verki, svefnleysi, fíkn og afleiðingar, eru að ná bata eftir að vinna með áföllin. Þetta er að virka," útskýrir Sigrún.

**Ekki von á fjármagni**

Gæfusporin eru hluti af doktorsrannsókn hennar og hófu göngu sína á Akureyri 2011. Hugmyndina fékk hún í Noregi þegar hún bjó þar, úr svipuðum meðferðarúrræðum. „Ég tók hugmyndina með mér heim og útvíkkaði hana. Ég bætti inn í því sem stundum er kallað óhefðbundnar meðferðir en ég vil kalla heildrænar meðferðir. Það er ekkert óhefðbundið við þessar leiðir sem fólk sækir sér út fyrir heilbrigðiskerfið," heldur hún áfram. Mikil umræða hefur skapast í samfélaginu undanfarna viku eftir að Björk Vilhelmsdóttir steig fram í Föstudagsviðtali Fréttablaðsins og ræddi um veikleikavæðingu velferðarkerfisins. „Mér finnst ábyrgð fylgja því þegar yfirmenn í velferðarmálum gera lítið úr þolendum ofbeldis og áfalla. Á sama tíma er verið að vekja athygli á tveimur mikilvægum verkefnum. Annars vegar „Útmeða" þar sem verið er að hvetja karlmenn til þess að tala um vanlíðan og tilfinningar. Reyna þannig að koma í veg fyrir að menn taki líf sitt. Oft eru ofbeldi og áföll ein af ástæðum þess að menn segja ekki frá. Hins vegar er það verkefnið „Einelti er ógeð" þar sem verið er að styðja við þolendur eineltis. Einelti er ein af ástæðum þess að fólk tekur líf sitt," segir Sigrún. Hún segir ljóst að ef yfirmenn í velferðarkerfinu sýna ekki meiri stuðning sé ekki von á fjármagni í málaflokkinn.

**Allar með sögu um kynferðisofbeldi**

Með heildrænum meðferðum á hún við til að mynda jóga, svæðanudd og dáleiðsludjúpslökun. Verkefnið var styrkt af starfsendurhæfingarsjóði Virk 2011 og fór af stað hjá starfsendurhæfingu Norðurlands um veturinn. „Þetta er tíu vikna prógramm og konur mæta á hverjum degi. Þær fara í jóga, í líkamsvitund hjá sjúkraþjálfara, í sálfræðihóp, listmeðferð, fjölskylduráðgjöf og í einstaklingstímum velja þær sálfræðiviðtöl og aðrar meðferðir."

*Hvernig konur koma þarna inn?* „Þær hafa sögu um kynferðislegt ofbeldi í æsku, þurfa að vera orðnar tvítugar og tilbúnar til þess að vinna í sínum málum. Þú ert ekki að koma til að láta bjarga þér, þú ert að koma til að fá aðstoð til að bjarga þér sjálf."

Konurnar sem tóku þátt voru allar á vondum stað í lífinu, eins og áður segir. Sigrún fylgdi þeim eftir.

„Það er ótrúlegur árangur. Ein kona var óvirk í fimm ár, búin að mennta sig, en gat ekki sinnt starfi. Hún var með greiningu um geðhvarfasýki, var á þunglyndislyfjum og á geðdeildum. Hún hafði reynt að taka líf sitt, eins og margar þessara kvenna hafa hugleitt eða reynt. Þessi kona er í dag í ábyrgðarmiklu starfi. Það eru svona ótrúlegar breytingar að verða."

Starfsendurhæfing Norðurlands fer af stað með nýjan hóp í haust.

> **Þú ert ekki að koma þarna til að láta bjarga þér, þú ert að koma til að fá aðstoð til að bjarga þér sjálf.**

**Harði diskurinn krassar**

*Hvaða afleiðingar hafa áföll á mann á fullorðinsárum?* „Flóknar afleiðingar. Mest hefur verið talað um geðrænu vandamálin. Minna verið fjallað um líkamlegu áhrifin, að skoða hvar líkaminn geymir áföllin, sem hann geymir vissulega," segir Sigrún.

„Líkaminn gleymir engu. Þó að við getum ekki náð í minningar í hausnum á okkur. Þessar afleiðingar koma oft fram á fullorðinsárum og eru þá langvinnir verkir, vefjagigt eða annars konar gigt, meltingarfæravandamál, hjartavandamál, hvað sem er. Svo má nefna vandamál í samskiptum við maka, kynlífsvandamál, erfiðleika í samböndum og samskiptum við börnin."

*Hvernig getur líkaminn munað það sem hausinn man ekki?* „Það er ótrúlegt. Það virðist vera að þegar barn verður fyrir alvarlegu áfalli í æsku þá erum við eins og harður diskur. Við tökum inn allt sem er sett í tölvuna og geymum það. Það geymist allt á tölvunni þó við vitum ekki af því. Svo kemur að því að harði diskurinn krassar," segir hún.

„Hann er kannski fullur af tilfinningum sem þú ert ekkert að gera með. Rannsóknir sýna að þetta áfall sem einstaklingur verður fyrir situr eftir í líkamanum. Þessar konur fara á sjúkrahús með alvarlega verki en það finnst ekki neitt. Svo eru dæmi þess að maður verði fyrir einhverju sem maður heldur að hafi ekki áhrif. Svo er eitthvað sem kveikir á minningunni. Þá fer allt af stað. Það er ástæða fyrir verkjunum."

**Drukknun hafði áhrif**

Sigrún rifjar upp atvik sem hafði áhrif á hana.

„Þegar ég var lögreglukona í Eyjum var ég á vakt þegar lítill drengur drukknaði. Sem lögreglukona á þetta ekki að vera áfall fyrir mig. Þetta var erfitt en ég áttaði mig ekki á afleiðingunum. Ég held áfram að vinna, fer heim og geri ekkert með þetta. Það dó barn, en ekki mitt barn. Ég lokaði á þetta. Við gerum það svolítið – ef við lendum í áfalli þá frestum við sorginni. Við geymum þetta í skúffu og söfnum í hana þar til flæðir upp úr. Þetta áfall tengdist hafinu."

Síðan eignaðist Sigrún börn, mörgum árum síðar. „Strákurinn minn biður um að fá að fara á siglinganámskeið. Ég vissi ekki af hverju mér leið svona illa með það en ég vissi að það var ekki eðlilegt. Ég finn sjaldan fyrir kvíða, en fæ þarna yfirþyrmandi kvíðakast. Eftir þetta sit ég eftir og hugsa, hvaðan kom þetta?"

Sigrún segist hafa ferðast fimmtán ár aftur í tímann. „Þarna var gamalt áfall þar sem var ég að horfa á barn drukkna og ég var búin að yfirfæra það á barnið mitt. Þarna voru mín viðbrögð algjörlega farin að stjórna lífi mínu gagnvart börnunum. Kvíði er líkamlegur, menn lýsa honum sem sálrænum en þið finnið alveg að kvíði er líkamlegur. Það er ekki hægt að taka í sundur líkama og sál. Þetta er svona til að þið skiljið hvernig áföll geta haft áhrif."

**Gæfuspor gætu virkað gegn offitu**

*Er heilbrigðiskerfið okkar að taka, ofbeldi og áföll, með í reikninginn?* „Við erum ekki nógu áfallamiðuð." Hún segir alltof mikla áherslu á afleiðingar en ekki áfallið sem oft er rót vandans.

„Ég myndi vilja setja Gæfusporin inn í heilbrigðiskerfið, ég sæi það virka í offitumeðferðum, verkjameðferðum. Í dag eru hópar nefndir eftir afleiðingum. Þú ert að vinna með verkina, eða með offituna, en ekki að vinna með áfallið. Þú getur verið með króníska verki eða offitu af því að þú hefur áfallasögu. Ég er ekki að segja að allir verkjasjúklingar eða allir offeitir hafi áfallasögu, en rannsóknir sýna að þetta er mikill áhættuþáttur."

*En er ekki erfitt að finna út hverjir hafa orðið fyrir ofbeldi og áföllum?* „Jú. Oft eru heilbrigðisstarfsmenn til í að spyrja og fá söguna, en þá er skjólstæðingurinn ekki til í að tala, eða öfugt." Hún segir líka dæmi um að heilbrigðisstarfsfólk spyrji ekki þar sem það hafi engin úrræði að vísa í. Stundum sé þó nóg að hlusta.

„Oft er fólk að segja frá í fyrsta sinn. Við það minnkar spennustigið. Svo er alltaf hægt að vísa fólki í viðtöl eða til annarra fagaðila."

**Vildi bjarga heiminum**

Sigrún starfaði sem lögreglukona.

„Ég tók fyrsta árið í hjúkrun en sótti um sumarafleysingar í lögreglunni á Ísafirði 1991. Þar féll ég fyrir starfinu. Mér var boðið að fara í Lögregluskólann um haustið og ég kláraði hann. Ég var leidd inn á þessa braut að skoða ofbeldi."

Árið 1991 kom bandarískur dómari til landsins og ræddi um hvernig dómskerfið tæki á kynferðisbrotum gegn börnum. Á þeim tíma voru þessi mál lítið rædd en vöktu áhuga Sigrúnar. Hún hafði samband við dómarann og fór tvisvar til Bandaríkjanna á námskeið um kynferðisofbeldi gegn börnum og í starfskynningu hjá lögreglunni í Texas.

„Ég ætlaði að verða rannsóknarlögreglukona og rannsaka kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Bjarga heiminum," segir hún en það gekk ekki eftir. Hún sótti oft um.

„Ég var ekki velkomin. Kannski af því ég var kona, kannski annað. Það var ekki sóst eftir starfskröftum mínum þó að ég hefði áhugann og hefði verið búin að fara þarna út. Ég hafði heldur ekki allt með mér. Ég er ekki fædd með silfurskeið í munni. Oft er það þannig í okkar samfélagi að ef þú hefur sambönd þá kippir einhver í spotta. Karlmenn voru ráðnir frekar en ég. Ég var sár og reið yfir því að vera þessi unga kona sem vissi nákvæmlega hvað ég ætlaði að gera og vildi láta gott af mér leiða. Það var ekki metið. En í dag er ég þakklát. Ég held að þegar einar dyr lokast þá opnist aðrar."

**Karlar leita í afbrot og fíkniefni**

*En hvaða hlutverk leikur kyn í áföllum?* „Það er munur á. Erlendar rannsóknir sýna að konur virðast beina tilfinningum sínum og áföllum inn á við, eru meira í niðurrifi sem kemur út í alls konar sjúkdómum, líkamlegum og andlegum. Í minni rannsókn leituðu karlmenn í áfengi eða fíkniefni og afbrot til þess að deyfa tilfinningar. Erlendar rannsóknir sýna að karlmenn sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku eru með sjálfsvígshugsanir og -hegðun. Þeir eiga líka oft erfitt með að tala um það."

Hún segir konur meira í sjálfskaðandi hegðun. „Í fangelsum eru 90 prósent karlar. Ég er viss um að stór hluti þeirra eru menn með áfallasögu. Ekki allir, en stór hluti. Svo eru konur í heilbrigðiskerfinu með líkamleg og geðræn vandamál. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að við þurfum að fá meira af kynjaskiptum meðferðum."

**visir.is** Viðtalið má hlusta á í lengri útgáfu inn á Vísir.is, í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið.



# FERSKASTI NAMMIBARINN



699 kr/pk
verð áður 799

Íslensk jarðarber



Bláber
500 g.

799 kr/kg
verð áður 999



Fersk vínber frá USA



Granatepli



998 kr/stk

**Häagen-Dazs ís**



**Burger hrökkbrauð**
Enginn viðbættur sykur, ekkert ger.

Nýtt í Hagkaup

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



**Goodfella´s pizzur**
3 tegundir af pizzum og hvítlauksbrauð.



Túrmerikrótin hefur verið notuð öldum saman til að vinna á ýmis konar kvillum eins og bólgum, gigt, meltingarvandamálum, ofnæmi og jafnvel blóðsjúkdómum. Túrmerikrótin hefur verið nefnd sem ein heilsusamlegasta fæða heims.

999 kr/stk

**Turmeric drykkurinn**
Með kókosbragði.

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



**Maggi vörur**
Tilvalið í margvíslegar uppskriftir. Hægt að nota í t.d. pítur, hakk með spagettii, kjötbollur, lasagne og fleira.

Ella's kitchen

## BARNAMATUR - LÍFRÆNN OG ÁN AUKEFNA



**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

Gildir til 20. september á meðan birgðir endast.



# HAFÐU ÞAÐ GOTT UM HELGINA

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

UNGNAUTA RIBEYE
3.999 kr/kg
Verð áður 4.999



ÍSLANDS NAUT

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

UNGNAUTA-MÍNÚTUSTEIK
3.999 kr/kg
verð áður 4.999



ÍSLANDS NAUT

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

UNGNAUTA PIPARSTEIK
3.439 kr/kg
verð áður 4.299



ÍSLANDS NAUT

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa

UNGNAUTAFILE
3.999 kr/kg
verð áður 4.999



SS

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

LÆRISSNEIÐAR KRYDDLEGNAR
2.924 kr/kg
verð áður 3.899



Holta

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

KJÚKLINGALUNDIR FERSKAR
2.332 kr/kg
verð áður 3.110




## AVIKO KRÓKETTUR

Í OFNINN EÐA DJÚPSTEIKINGARPOTTINN.

STAPPAÐAR KARTÖFLUR RÚLLAÐAR INN Í STÖKKAN HJÚP, FRÁBÆRAR MEÐ ÖLLUM MAT.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Mikil fyrirhöfn fyrir fáa skóla



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Upplýst var um það í gær að Menntamálastofnun stefni að því að bjóða næsta vor nýtt hæfnispróf sem framhaldsskólar geti nýtt sér við inntöku nemenda. Allmörgum spurningum er enn ósvarað um málið, en í fljótu bragði virðist sem í einhverri mynd standi til að hverfa til fyrri tíma þegar nemendur tóku samræmt próf við lok grunnskólanáms.

Forsvarsmenn flestra grunnskóla virðast hins vegar langflestir fyrst hafa frétt af þessum fyrirætlunum þegar umfjöllun blaðsins birtist. Nánari útfærsla liggur því ekki á lausu, hvorki um hvaða þættir það séu sem þessu prófi sé ætlað að mæla, eða hvar prófið skuli þreytt.

Af spjalli við skólafólk má helst ráða að það telji að framhaldsskólarnir sem kjósa að nýta sér þetta próf muni sjálfir standa fyrir próftökunni. Það vekur í sjálfu sér aftur ótal spurningar, svo sem um hvernig gæta eigi jafnræðis milli þeirra nemenda sem vilja taka þetta próf og hvort þeir þurfi þá að þeytast á milli framhaldsskólanna sem þeir helst vilja sækja til að taka hjá þeim sama hæfnisprófið.

Standi á annað borð til að nemendur taki, við lok grunnskólanáms að vori, samræmt próf til að meta hæfni þeirra í framhaldsskóla þá hefði maður talið eðlilegast að valinn yrði til próftökunnar einn dagur og notuð sú aðstaða sem fyrir hendi er í grunnskólunum.

En um leið má velta fyrir sér til hvers sé lagt upp í þennan leiðangur því flestir skólar landsins eru ekkert í þessum vandræðum við að velja nemendur í skóla sína. Þar komast velflestir að sem vilja og verkefnið helst að hjálpa nemendum að velja sér nám og námsleiðir sem best falla að getu þeirra.

Í velflestum skólum er nefnilega verið að hjálpa ungu fólki sem misvel er statt til þess að standa sig og ljúka framhaldsnámi. Því er ekki laust við að sá grunur vakni að hæfnisprófi þessu sé helst ætlað að hjálpa þeim skólum sem leggja áherslu á bóknám og hafa fleytt rjómann þegar kemur að því að velja inn þá nemendur sem hæstar hafa einkunnir. Sé sú raunin er fyrirhöfnin allmikil til að leysa lúxusvanda fárra skóla.

> Um leið má velta fyrir sér til hvers sé lagt upp í þennan leiðangur því flestir skólar landsins eru ekkert í þessum vandræðum við að velja nemendur í skóla sína.

Þá er ekki að undra að forsvarsmenn grunnskóla séu hugsi yfir þessum fyrirætlunum en í þeim er að ljúka viðamikilli og metnaðarfullri vinnu við breytingar á námsmati, þar sem bæði er tekið upp bókstafskerfi við einkunnagjöf og bætt inn í námsmatið margvíslegum einstaklingsbundnum þáttum, sem tengjast félagslegri hæfni nemenda.

Þarna kunna að koma fram kostir sem hjálpað geta nemendum sem kannski hefðu fengið lakari einkunn út úr prófinu einu saman, þótt viðbótarkröfur bætist við hjá einhverjum, sem kannski eru góðir á bókina, en síður samskiptum.

Í öllu falli væri vel skiljanlegt ef upp úr einhverjum skólastjóranum dytti spurningin um hvers vegna væri verið að djöflast í öllum þessum breytingum ef ætlunin sé svo að taka upp inntökupróf í framhaldsskóla.

## Halldór







## Frá degi til dags

**Óvenjuleg ákvörðun**

Ákvörðun meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur um að borgin skuli sniðganga vörur frá Ísrael hefur vakið töluverða athygli. Utanríkisráðherra hefur efasemdir um að þessi ákvörðun standist lög um opinber innkaup. Og dósent við lagadeild Háskóla Íslands segir óvenjulegt að sveitarfélög reki stefnu gagnvart ákveðnum ríkjum. Það er rétt, og ekki er annað að sjá en að Reykjavíkurborg sé farin að reka sína eigin utanríkismálastefnu. Það er þá bara að vona að borgarbáknið bólgni ekki enn meira út, svona eins og stofnun nýrrar utanríkismálanefndar.

**Greiði við vin**

Ákvörðunina um að styðja tillöguna mætti skýra með tvennum hætti. Annars vegar að henni væri ætlað að beina augum almennings frá öðrum þáttum, eins og grafalvarlegri fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar. Líklegra er þó að þessi fordæmalausa ákvörðun sé fyrst og fremst byggð á því að vinir Bjarkar Vilhelmsdóttur í ráðhúsinu hafi viljað gera vel við hana á síðasta fundi hennar. Og það er gott fyrir Björk, sem er á leið til Palestínu, að geta farið með þessa niðurstöðu í farteskinu. Virðist meirihlutinn því frekar hafa greitt atkvæði af tillitssemi við pólitískan samherja fremur en á öðrum forsendum. Spurningin er þá bara til hvaða uppátækja verði gripið næst þegar pólitískur samherji yfirgefur borgarstjórn. jonhakon@frettabladid.is

# Tölvu- og tæknivæðing í skólum skilar árangri



Sigrún Jóhannsdóttir
talmeinafræðingur og framkvæmdastjóri TMF Tölvumiðstöðvar

Nýleg sænsk rannsókn sýnir að tölvu- og tæknivæðing í skólum skilar árangri. Rannsóknin sem gerð var í sænskum skólum leiddi í ljós að ef tækni er notuð markvisst í kennslufræðilegum tilgangi eins og gert er í ASL kennsluaðferðinni (iWTR), sem er kennsluaðferð í lestri fyrir yngsta stig grunnskóla, skilar hún góðum mælanlegum árangri.

**Tölvur og spjöld**

Rannsóknin leiddi enn fremur í ljós að kennsluaðferðin (ASL) þar sem tölvur og spjöld eru notuð markvisst til að efla læsi skilaði einnig betri árangri í stærðfræði.

**Dýpri skilningur**

Ástæðan er talin sú að nemendur skrifa á tölvu um allt það sem þau eru að læra í skólanum. Nemendur búa þannig til sín eigin stærðfræðidæmi, þá verður skilningur á námsefninu annar, dýpri og skemmtilegri! Stærðfræðin var skoðuð sérstaklega ásamt lestri nemenda í þriðja bekk.

> Ég tel ekki ólíklegt að þessi aðferð að skrifa læsilega og á þægilegan hátt í tölvu um allt það sem verið er að nema hverju sinni skili sama jákvæða árangrinum.

**Virkt samspil**

En ég tel ekki ólíklegt að þessi aðferð að skrifa læsilega og á þægilegan hátt í tölvu um allt það sem verið er að nema hverju sinni skili sama jákvæða árangrinum. Að setja eigin orð á allar innlagnir er frábær leið til að skilja og um leið með tækninni getað miðlað og vera í virku samspili við kennara og nemendur um námsefnið. Eins og þykir sjálfsagt í lífi og starfi í dag.

**Skiptir sköpum hvernig tæknin er notuð**

Þetta sýnir okkur að það sem skiptir sköpum er hvernig tæknin er notuð. Að nota tækni markvisst í kennslufræðilegum tilgangi og kenna þannig nemendum að nýta sér tölvu og tækni sér til gagns og gleði skilar bæði betri árangri og undirbýr nemendur fyrir lífið. Gott vald á tækninni er þar algjör nauðsyn.

Upplýsingar um rannsóknina og ASL er að finna á síðu TMF.is undir Gagnlegt efni.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Öll eggin í sama álkeri

Í DAG



Sif Sigmarsdóttir
rithöfundur

**Katherine Mansfield, rithöfundur og eiginkona bókmenntarýnisins Johns Middleton Murry, til hjákonu Murry, 24. mars, 1921.**

*Ég vil biðja þig um að hætta að senda eiginmanni mínum ástarbréf á meðan við hjónin búum saman. Það er einn af þessum hlutum sem tíðkast ekki í okkar heimi. Þú ert mjög ung. Fáðu eiginmann þinn til að útskýra fyrir þér óhagræðið við slíka hegðun. Vinsamlegast ekki láta mig þurfa að skrifa þér aftur. Mér leiðist að skamma fólk og ég þoli ekki að þurfa að kenna fólki mannasiði.*

Árið 2009 kom breskur rithöfundur, Shaun Usher að nafni, bloggsíðu á laggirnar. Hann hafði lengi haft áhuga á sendibréfum hvers konar og ákvað að deila ástríðu sinni með umheiminum. Fyrsta bréfið sem hann birti á síðunni „Letters of Note“ var frá árinu 1938, ritað af starfsmanni Disney til ungrar konu sem hafði áhuga á að gerast teiknari hjá fyrirtækinu: „Konur koma ekki nálægt skapandi hlutanum … þær sjá bara um að draga útlínur.“

Vefsíða Usher naut strax vinsælda. Ein og hálf milljón manna heimsækir hana í viku hverri en á henni má glugga í 900 sendibréf, bæði eftir þekkta einstaklinga og óþekkta. Bók með sendibréfum sem Usher tók saman árið 2013 varð metsölubók í Bretlandi og kemur nú út víða um heim.

**Jeffrey Bernard, blaðamaður og drykkjurútur, bréf til blaðsins The Spectator, 1975**

*Útgefandinn Michael Joseph hefur farið þess á leit við mig að ég riti ævisögu mína og ég yrði hverjum þeim þakklátur sem getur veitt mér upplýsingar um hvar ég var og hvað ég var að gera á milli áranna 1960 og 1974.*

Jafndásamleg og sendibréfin eru – ástarjátningar, heillaóskir, heimspekilegar hugleiðingar og samfélagsrýni – eru viðbrögð við þeim andlaus. Tvær vikur eru í að bókin Letters of Note 2 komi út. Samhliða því að birta brot úr bókinni keppast fjölmiðlar við að lýsa yfir dauða sendibréfsins og syrgja liðna tíma. „Stafræna öldin er að ganga af tilfinningaþrungnum bréfaskiptum dauðum,“ lýsti dagblaðið The Times yfir um helgina.

**Richard Helms, liðsforingi í bandaríska hernum, til þriggja ára sonar síns, ritað á bréfsefni Adolfs Hitler sem fannst á kanslaraskrifstofunni í Berlín, 8. maí, 1945**

*Maðurinn sem hefði hugsanlega skrifað á þetta blað réð einu sinni yfir Evrópu – fyrir þremur árum þegar þú fæddist. Í dag er hann dáinn, minning hans fyrirlitin, landið hans rústir einar. Hann var valdasjúkur, mat einstaklinginn lítils og var hræddur við vitsmunalega hreinskilni. Hann var holdgervingur hins illa í heimi hér. Andlát hans, ósigur, var mannkyninu blessun. En þúsundir létu lífið til að svo mætti verða. Það að losa samfélagið við illsku er ávallt dýru verði keypt.*

> Hvað verður það næst? Listamannalaun fara sjálfkrafa til rithöfunda sem hyggja á ritun skáldsagna um ástir og örlög fólks sem starfar í álverinu í Straumsvík?

Ég sat ásamt eiginmanni og vinapari á veitingastað ekki alls fyrir löngu þegar ástarbréf bar á góma. Í ljós kom að allir viðstaddir höfðu skipst á tölvupóstum í tilhugalífinu sem nú voru geymdir í rafrænum skúffum sem skyggnst var í flissandi á tímamótum. Þótt ástarjátningar kynslóðar minnar hafi í fæstum tilfellum komist í snertingu við blek eða ferðast milli elskhuga á frímerki er gildi þeirra ekkert minna en þeirra sem búa yfir efnislegum hæfileika til að gulna. Er hola ekki hola hvort sem hún er grafin með skóflu eða skurðgröfu?

**Eric Idle, grínisti, til forsætisráðherrans Johns Major, 12. janúar, 1993**

*Þann 29. mars næstkomandi verðum við báðir fimmtugir. Hefur einhvern tímann hvarflað að þér að ef ekki væri fyrir tilviljun örlaganna gæti ég verið forsætisráðherra og þú maðurinn í „nudge, nudge“ grínatriðinu úr Monty Python? Ég vona að þú sért ekki of vonsvikinn. Til hamingju með afmælið.*

Því miður einskorðast hleypidómar í garð hins nýja ekki við mannlega samskiptamáta. Hin forpokaða stóriðjustefna íslenskra stjórnvalda sem stunduð er í óþökk flestra annarra en ofsatrúarfólks á sviði byggðastefnu og bitlingavæðingar smýgur nú hljóðlega um hvern krók og kima samfélagsins.

Í vikunni rann út umsóknarfrestur í Tækniþróunarsjóð, virðingarvert framtak, fjármagnað af ríkissjóði, sem miðar að því að styðja við nýsköpun hér á landi. Í rétt rúm tíu ár hafa íslenskir frumkvöðlar og sprotafyrirtæki á hinum ýmsu sviðum auk háskóla og stofnana getað sótt um styrki í sjóðinn til hinna ýmsu verkefna sem þykja „auka fjölbreytni atvinnulífsins og hraða uppbyggingu þekkingar- og hátæknistarfsemi“. Tækniþróunarsjóður er samkeppnissjóður og hafa fyrirtækin því ávallt staðið jafnfætis gagnvart sjóðnum. Þangað til núna.

Í ár var bryddað upp á þeirri nýjung að óska eftir umsóknum á sérstöku sviði. Og um hvers konar verkefni er að ræða? Gefum heimasíðu Tækniþróunarsjóðs orðið: „Almenn verkefni á sviði málm- og efnistækni, en verkefni á sviði ál- og kísilvinnslu munu þó njóta forgangs.“

Hvað verður það næst? Listamannalaun fara sjálfkrafa til rithöfunda sem hyggja á ritun skáldsagna um ástir og örlög fólks sem starfar í álverinu í Straumsvík?

Nóg er fjárfest í fornfálegum atvinnuháttum á sviði stóriðju – atvinnuháttum fortíðar en ekki framtíðar – með styrkjum, skattaívilnunum og öðrum sérmeðferðum. Er ekki óþarfi að stóriðjustefnan hafi líka stuðninginn af næsta CCP, Marel eða Meniga? Er ekki nóg um að öll eggin séu lögð í sama álker? Kannski að einhver taki að sér að skrifa ríkisstjórninni sendibréf og spyrji.





Fanndís Friðriksdóttir, sem hefur verið mjög öflug með Breiðabliki í sumar, ógnar hér marki Slóvaka einu sinni sem oftar í gærkvöldi. Fréttablaðið/AntonBrink

# Stelpurnar á pari í Dalnum

**Kvennalandsliðið í fótbolta vann 4-1 sigur á Slóvakíu í æfingaleik í Laugardalnum í gær en þrátt fyrir sigurinn var ekki að sjá að leikmenn liðsins væru ánægðir með spilamennsku liðsins sem var sveiflukennd.**

**FÓTBOLTI** Það var auðheyrt á stelpunum í viðtölum í gær að þær voru ekki sáttar með spilamennskuna í heild sinni þrátt fyrir 4-1 sigur á Slóvakíu í æfingaleik íslenska kvennalandsliðsins í gær.

Spilamennska liðsins var á köflum frábær og sást greinilega að íslenska liðið var mun sterkara en þess á milli voru langir kaflar þar sem liðið datt og allur kraftur var úr sóknarleik liðsins.

Byrjun fyrri og seinni hálfleiks var til fyrirmyndar og fóru kantmennirnir Hólmfríður Magnúsdóttir og Fanndís Friðriksdóttir oft illa með bakverði Slóvakanna en um leið og íslenska liðið hætti hápressu virtist allur kraftur detta úr því. Kröftug innkoma Hólmfríðar var jákvæður punktur en hún skoraði tvö mörk í leiknum eftir að hafa byrjað á varamannabekknum.

Hólmfríður var ánægð með sigurinn en var ekki ánægð með spilamennskuna á löngum köflum þegar Fréttablaðið ræddi við hana eftir leikinn.

„Liðið byrjaði mjög vel í fyrri hálfleik en eftir það datt þetta alveg niður og það sama gerðist í seinni hálfleik. Við misstum boltann of fljótt eftir að við unnum hann og við þurfum að laga það en sigur er sigur og við skoruðum fjögur mörk. Við tökum það jákvæða úr þessu og reynum að undirbúa okkur undir leikinn á þriðjudaginn sem skiptir máli,“ sagði Hólmfríður, sem sá áhrif þess að það eru fimm mánuðir síðan landsliðið spilaði síðast saman.

### Viljum allar gera betur

„Það var gott að fá að spila saman og fara yfir áherslurnar, við þurfum meiri ró í leikinn til þess að halda boltanum betur. Það er svo mikill metnaður í þessum hópi, við viljum allar gera betur og við vitum allar að þetta var ekki nógu gott í dag þrátt fyrir sigurinn. Þetta var góður sigur í dag en við vitum að við getum betur.“

Margrét Lára leikur sinn 100. leik fyrir Íslands hönd á þriðjudaginn en hún komst á blað í 99. leiknum í gær á vítapunktinum.

Hún sá líkt og Hólmfríður jákvæða punkta í leik íslenska liðsins.

„Frammistaða okkar í dag var á pari fannst mér en það má gera hluti betur. Markið í upphafi leiksins hjálpaði okkur að mörgu leyti og Sandra kláraði það vel. Eftir markið fórum við hins vegar of langt frá þeim þegar við vorum að pressa á þær. Það vantaði meiri áræðni og ákveðni í að vinna boltann, sérstaklega í fyrri hálfleik en þetta lagaðist í seinni hálfleik. Við þurfum að halda betur einbeitingunni í leiknum á þriðjudaginn. Íslenskt landslið getur hins vegar ekki kvartað þegar það skorar fjögur mörk og nær sigri,“ sagði Margrét Lára.

### Alltaf jafn gaman að skora

Margrét Lára var að vonum sátt með að fá 73. mínútur í leiknum í gær en hún segir að sér líði vel þessa dagana eftir að hafa glímt við töluvert af meiðslum undanfarin ár.

„Þessi æfingaleikur hjálpaði okkur að finna taktinn fyrir leikinn á þriðjudaginn. Ég hef, held ég, ekki spilað jafn margar mínútur fyrir landsliðið í tvö ár og það var frábært fyrir mig að koma í hópinn og komast í takt við liðið.“ sagði Margrét Lára sem bætti einu marki við markametið sitt í gær. Hún segir tilfinninguna alltaf vera jafn sæta.

„Það er alltaf jafn gaman að skora, það breytist aldrei,“ sagði Margrét Lára brosandi. **kristinnpall@365.is**






## Nýjast

**Olís-deild karla**

**Valur - Haukar 19-26**
Markahæstir: Ómar Ingi Magnússon 9/2 - Leonharð Harðarson 7/1.
Haukar pökkuðu Val saman í úrslitakeppninni í vor, 3-0, og halda áfram að stríða frændfélagi sínu. Giedrius Morkunas, markvörður Hauka, var í miklu stuði með 17 skot varin og 49 prósent hlutfallsmarkvörslu.

**Víkingur - Grótta 22-20**
Markahæstir: Jóhann Reynir Gunnlaugsson 8/3 - Finnur Ingi Stefánsson 8/4.
Víkingar eru komnir á blað í deildinni eftir að snúa leiknum sér í hag á síðustu tíu mínútum leiksins og innbyrða sinn fyrsta sigur. Heimamennirnir Jóhann Reynir Gunnlaugsson (skytta, 8 mörk) og Hjálmar Þór Arnarsson (lína, 4 mörk) voru atkvæðamestir í Víkingsliðinu.

**FH - ÍR 33-37**
Markahæstir: Einar Rafn Eiðsson 8/3 - Sturla Ásgeirsson 10/6.
Breiðhyltingar virðast ekkert sakna Björgvins Hólmgeirssonar, en ÍR er efst í deildinni með þrjá sigra í þremur fyrstu leikjunum. FH er nú búið að tapa tveimur leikjum í röð eftir að vinna Fram í fyrstu umferð Íslandsmótsins.

**ÍBV - Fram 24-25**
Markahæstir: Theodór Sigurbjörnsson 11/4 - Óðinn Þór Ríkharðsson 8.
Stephen Nielsen, markvörður ÍBV, spyr sig eflaust hvernig mönnum hans tókst að tapa þessum leik í ljósi þess að hann varði 25 skot og var með 50 prósent hlutfallsmarkvörslu. ÍBV byrjar mótið á tveimur tapleikjum á heimavelli.

| Efri hluti | | Neðri hluti | |
|---|---|---|---|
| ÍR | 6 | Grótta | 2 |
| Haukar | 4 | FH | 2 |
| Valur | 4 | Víkingur | 2 |
| Fram | 4 | ÍBV | 0 |
| Afturelding | 2 | Akureyri | 0 |

**Þetta kvennalandslið er hrikalega ... öflugt vonandi að sem flestir mæti á völlinn á þriðjudaginn, ég veit að @12Tolfan mætir**

Halldór I. Sævarsson
**@halldoringi**

**BIRKIR BJARNASON SKORAÐI**
Birkir Bjarnason var á skotskónum hjá Basel í gærkvöldi þegar svissnesku meistararnir komu til baka og unnu Fiorentina, 2-1, á útivelli í Evrópudeildinni. Birkir jafnaði metin fyrir sína menn í 1-1 á 71. mínútu áður en gestirnir tryggðu sér sigurinn átta mínútum síðar. Hólmar Örn Eyjólfsson var í byrjunarliði Rosenborg sem gerði jafntefli við St. Étienne, 2-2, og Ragnar Sigurðsson spilaði allan leikinn fyrir Krasnodar sem tapaði á útivelli gegn Dortmund, 2-1.

**MEIRA VESEN HJÁ FIFA**
Jérome Valcke, framkvæmdastjóri FIFA, var sendur í leyfi í gær af aganefnd sambandsins. FIFA fékk sönnunargögn í hendurnar sem sýna fram á að Valcke hagnaðist ólöglega á miðasölu HM. Með hjálp fyrirtækis á vegum FIFA seldi hann miða á uppsprengdu verði og hirti mismuninn sjálfur. Enn eitt spillingarmálið innan FIFA.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 08.00 | **Solheim Cup** | Golfstöðin |
| 18.45 | **Ipswich - Birmingham** | Sport 2 |
| 19.00 | **BMW Championship** | Golfstöðin |




ford.is

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fáanlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. $CO_2$ losun 108/125 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



✝

Ástkær maður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhann Karl Bjarnason**

Svarthömrum 68, Reykjavík,

varð bráðkvaddur að heimili sínu 14. september. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 23. september kl. 15.00.

**Þórunn K. Jónsdóttir**
**Álfhildur S. Jóhannsdóttir** **Þórarinn Gunnarsson**
**Gunnar Þór Jóhannsson** **Þóra Egilsdóttir**
**Guðmundur Ingi Jóhannsson**
**Kristín Jóhannsdóttir** **Sumarliði Kristmundsson**
**Bjarni Jóhann Jóhannsson**
**Jóna G. Ragnarsdóttir** **Ísak Jóhann Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Árnadóttir**

frá Hólkoti á Reykjaströnd, síðast búsett í Gävle í Svíþjóð,

lést mánudaginn 14. september síðastliðinn. Útförin verður gerð í Svíþjóð þann 16. október næstkomandi.

**Sigurbjörg I. Kristínardóttir**
**Guðlaug Kristinsdóttir** **Sigurður Ólafsson**
**Finndís A. Kristinsdóttir** **Mikael Appelgren**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Móðir okkar og systir,

**Sigurveig Knútsdóttir**

myndlistarkona,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 11. september, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 25. september kl. 15.00.

**Anna Þóra Pétursdóttir**
**Eva Margrét Pétursdóttir**
**Sólveig Knútsdóttir**
**Sæmundur Knútsson**
**Kári Knútsson**
**Steinunn Knútsdóttir**
**Björn Knútsson**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**Guðna Frímanns Guðjónssonar**

byggingatæknifræðings.

Sérstakar þakkir til Friðriks S. Kristinssonar kórstjóra og eldri félaga úr Karlakór Reykjavíkur fyrir að gera fallega athöfn einstaka.

**Alda Guðrún Friðriksdóttir**
**Friðrik Guðjón Guðnason**
**Anna Soffía Gunnlaugsdóttir**
**Guðni Viðar og Gunnlaugur Dan**



✝

Ástkær móðir mín, tengdamamma og amma,

**Auður Friðriksdóttir**

Teigaseli 11,

lést þann 10. september. Jarðsett verður frá kirkju Óháða safnaðarins fimmtudaginn 24. september kl. 14.00.

**María Ósk Jónsdóttir** **Stefán Haukur Kjartansson**
**Daníel Þór**
**Auður Jóna**
**Einar Ingi**
**Ingibjörg Lilja**



Kjartan er mikið afmælisbarn og heldur upp á afmælið í fyrsta sinn í tuttugu ár. Mynd/Anton Brink

# Heldur upp á afmælið í fyrsta sinn í tuttugu ár

**Kjartan Ragnarsson heldur upp á 70 ára afmælið í dag í faðmi fjölskyldu og vina í Þjóðleikhúskjallaranum. Barnabarn hans frá Ameríku kom til landsins í tilefni dagsins.**

Kjartan Ragnarsson rithöfundur fagnar stórafmæli í dag. Það eru komin 20 ár frá því að hann hélt almennilega upp á afmæli sitt með veislu, en þegar hann varð sextugur fór hann ásamt fjölskyldunni til Prag. Í kvöld fagna fjölskyldan og vinir í Þjóðleikhúskjallaranum. Kjartan heldur uppi Landnámssetrinu í Borgarnesi ásamt konu sinni, en þau eru í óðaönn að undirbúa sýningar vetrarins.

„Ég veit voða lítið um þetta teiti, konan mín og stjúpdóttir eru að skipuleggja það en gamalt samstarfsfólk, vinir og fjölskylda ætla að mæta. Maður reynir að grafa upp gömlu vinina fyrir svona tilefni,“ segir Kjartan, sem er orðinn spenntur fyrir kvöldinu.

„Þegar ég var í sveit sem krakki þá átti ég afmæli á þeim tíma sem réttirnar voru. Ég fékk mitt eigið svæði í rófubeðinu í afmælisgjöf og gat þá hámað í mig hráar rófur að vild. Mér hefur alltaf þótt óskköp indælt að eiga afmæli.“

Kjartan er sérstaklega spenntur fyrir afmælinu þar sem barnabarn hans frá Ameríku ákvað að koma í heimsókn til landsins. „Við hjónin duttum í þá undarlegu lukku að eignast barnabarn sem við vissum ekki af fyrr en hún var 11 ára. Við erum búin að vera að kynnast henni í tvö ár og við gerðum samkomulag um að ef hún kæmi til Íslands þá mundi ég halda upp á afmælið. Ég sótti hana upp á flugvöll í fyrradag og hún verður hér hjá okkur í viku. Svo förum við til London í næstu viku þar sem hún hefur aldrei komið til Evrópu og það getur svo farið að við leigjum bíl og keyrum til Frakklands,“ segir Kjartan, en sonardóttir hans kom einnig til landsins í fyrra og þau fóru í heimsókn til hennar, en hún er búsett í Los Angeles.

> **Ég veit voða lítið um þetta teiti, konan mín og stjúpdóttir eru að skipuleggja það en gamalt samstarfsfólk, vinir og fjölskylda ætla að mæta.**

Gestir Landnámssetursins á sumrin ná upp í 60.000 en það er töluvert rólegra á veturna. Í vetur verða settar upp þrjár sýningar, þar á meðal Mr. Skallagrímsson sem var fyrsta sýningin sem var sett upp þar þegar setrið var opnað fyrir 10 árum. „Benedikt Erlingsson kemur aftur og sýnir hjá okkur frá því í lok október. Hann verður að vísu ekki jafn lengi og síðast þar sem hann er orðinn kvikmyndaleikstjóri. Þegar byrjað var að sýna leikritið árið 2006 þá var hann til 2010 hér í Landnámssetrinu.“

Tvö verk til viðbótar verða sýnd í setrinu í vetur en annað þeirra er byggt á bók Héðins Unnsteinssonar. Hann er sérfræðingur í málum geðfatlaðra en hann lenti sjálfur í geðhvörfum og skrifaði bókina Vertu úlfur. Hann flytur verkið í Landnámssetrinu ásamt Jónasi Sigurðssyni rokkara. Guðmundur Andri Thorsson mun einnig flytja sögur langafa síns, Thors Jensen, sem byggði Landnámssetrið sem var eitt af fyrstu húsunum í Borgarnesi. gunnhildur@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST:
18.SEPTEMBER 1970

## Jimi Hendrix andaðist



Jimi Hendrix var bandarískur tónlistarmaður sem lést árið 1970 í London. Hann var söngvari, lagasmiður og þekktur sem einn áhrifamesti gítarleikari rokktónlistarinnar. Hann varð heimsfrægur 1967 þegar hann spilaði á Monterey-popphátíðinni. Hann spilaði meðal annars með Isley Brothers, Little Richard, King Kurtis og fleirum. Hann var aðeins 27 ára þegar hann lést sem setur hann í hóp með fjölmörgum öðrum rokkstörnum sem létust á sama aldri.

Það eru margar samsæriskenningar um hvernig andlát Jimi bar að. Í fyrstu greindu fjölmiðlar frá því að hann hefði dáið úr of stórum skammti af heróíni en læknaskýrslur og vitnisburðir sýndu fram á að hann hefði aldrei prófað að taka lyfið. Saga kærustu Jimi og sjúkraliða eru verulega ólíkar en hún segist hafa verið með honum og farið upp á spítala en samkvæmt sjúkraliðunum var enginn á svæðinu þegar þeir mættu.

Krufningarskýrslan sagði að Hendrix hefði kafnað í eigin ælu. Nokkru seinna kom læknirinn sem krufði hann fram og sagði að ekki aðeins hárið og fötin hans hefðu verið mettuð í áfengi heldur einnig lungun og maginn. Það benti til að hann hefði drukknað, líklega af mannavöldum, vegna þess að áfengið hafði ekki haft nægan tíma til að komast út í blóðið.



**Rytmískar rætur**
**Bragi Valdimar heimsótti ásamt öðrum íslenskum tónlistarmönnum rætur rytmískrar tónlistar þar sem djass, rokk, sveitatónlist og Elvis Presley komu við sögu.**
**SÍÐA 2**


# Fararstjórn erlendis

**Meðal námsefnis:**
- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



**Ferðalandafræði:** Evrópa, Asía, Africa, Ameríka og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

**Leiðbeinendur eru:** Halla Birgisdóttir fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jónas Þór fararstjóri, Höskuldur Frímannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.

Ferðamálaskóli Íslands

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466




**NÝ VERSLUN** Lilja Bjarnadóttir, sérleyfishafi Levi's á Íslandi, hefur opnað nýja búð í Kringlunni. MYND/GVA

# NÝ VERSLUN OG LÆKKAÐ VERÐ

**LEVI'S KYNNIR** *Glæsileg Levi's verslun hefur verið opnuð í Kringlunni. Opnunartilboð um helgina. Vörutollar hafa þegar verið afnumdir af Levi's vörum.*

Við opnuðum nýja verslun á fyrstu hæð í Kringlunni í gær. Nýja búðin er glæsileg en hönnunarteymi Levi's frá San Francisco sá alfarið um hönnun verslunarinnar. Innréttingarnar komu aðsendar hingað til lands en heildrænt útlit er á öllum verslunum Levi's. Í tilefni opnunarinnar verðum við með 50% afslátt af bol að eigin vali með hverjum buxum sem keyptar eru og 20 % afslátt af Levi's skóm," segir Lilja Bjarnadóttir, sérleyfishafi Levi's á Íslandi

**LÆGRA VERÐ**

Vörutollar hafa þegar verið afnumdir af öllum vörum Levi's og því hægt að gera góð kaup. „Við tókum þá ákvörðun í haust að taka strax tollinn af okkar verði þó að tollar verði ekki afnumdir fyrr en um áramót. Við erum því að bjóða klassavörur á einstaklega góðu verði. Til dæmis má nefna að 501 buxurnar okkar eru nú á 15.990 krónur, Levi's sokkar, tvennir í pakka eru á 1.990 krónur og Levi's nærbuxur, tvennar í pakka á 3.990 krónur."

**NÝ KVENLÍNA**

Levi's kynnti nýja kvenlínu nú í haust en fyrirtækið hefur hætt framleiðslu á öllum eldri kvensniðum. „Það sem einkennir nýju línuna er teygja í efninu, mismikil eftir sniðum," segir Lilja. „Allar buxurnar er hægt að fá í mismunandi síddum, eins og alltaf hjá Levi's, og þá koma kvenbuxurnar í slim, skinny, bootcut og straight sniði. Kvenbuxurnar eru einnig misháar, medium rise, high-rise og svo mile-high, sem er alveg ný týpa með mjög háu mitti. Þá er komið nýtt snið af 501 buxunum sem heitir 501CT. Það er fyrir bæði kyn og hentar til dæmis konum sem vilja Boyfriend-buxur."

**SAUMAÞJÓNUSTA FRAMMI Í BÚÐ**

„Í nýju versluninni okkar er saumavél frammi í búðinni og viðskiptavinir geta látið bæta göddum eða bótum og fleiru á buxur og jakka. Þá er einnig hægt að láta stytta buxur. Þetta er einstakt hjá Levi's en stefnan hjá þeim er að allar nýjar búðir sem þeir opna séu með Tailor-station, eða saumaþjónustu, frammi í búðinni."








LÍNAN
BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS - OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429



Á KROSSGÖTUM Bragi Valdimar Skúlason mundar gítarinn við gatnamótin frægu, Crossroads, skammt frá Clarksdale. Þar sem blúsgoðsögnin Robert Johnson var grunaður um sálarviðskipti við Kölska sjálfan á sínum tíma. MYND/STEFÁN HILMARSSON

# RÆTURNAR HEIMSÓTTAR Í SUÐRINU

**GÓÐAR STUNDIR** *Íslenskir tónlistarmenn heimsóttu rætur rytmískrar tónlistar þar sem djass, rokk, sveitatónlist og Elvis Presley komu við sögu.*

Hópur landsþekktra tónlistarmanna heimsótti nýlega rætur rytmískrar tónlistar í Mojo-þríhyrningnum svokallaða; Nashville, Memphis og New Orleans í Bandaríkjunum. Ferðin var á vegum Félags tónskálda og textahöfunda (FTT) og með í för voru einnig ýmsir tónlistarunnendur ásamt mökum og öðrum fjölskyldumeðlimum. Einn ferðalanganna var Bragi Valdimar Skúlason, meðlimur Baggalúts, en hann segir að aðdraganda ferðarinnar megi rekja til vel heppnaðrar ferðar FTT til Liverpool árið 2008 þar sem Hljómar héldu tónleika í Cavern-klúbbnum sögufræga.

„Það var því löngu kominn tími á aðra góða ferð. Fyrst heimsóttum við Nashville, vöggu sveitatónlistarinnar. Þar voru ýmsir tónleikastaðir heimsóttir og glóðvolgt köntríið innbyrt. Frægðarhöll sveitatónlistarinnar, Country Music Hall of Fame, var einnig heimsótt og litið var inn í hljóðverið Creative Workshop þar sem rennt var í nýtt lag sem nokkrir ferðafélagar suðu saman á staðnum.“



RÁNDÝR BLANDA Stefán Hilmarsson, Guðmundur Jónsson, Jakob Frímann og Björgvin Halldórsson stilla sér upp í stíl við mynd á veggnum af Elvis Presley og félögum. MYND/JÓN PÁLL PÁLSSON

**NÁÐ AÐ GULLNA HLIÐINU**

Næst lá leiðin til Memphis þar sem gist var á hinu fornfræga Heartbreak Hotel, sem er steinsnar frá Graceland, heimili Elvis Presley. „Við fengum sérstakan kvöldtúr um húsið og skoðuðum hvern krók og kima. Við fórum andaktug að eldhúsborði, fataskáp og leiði Elvis. Þess má geta að Björgvin Halldórsson var með í för og ekki skemmdi fyrir að fá leiðsögn hans um helgidóminn.“

Daginn eftir var haldið á fæðingarstað rokksins, Sun Studio, þar sem Elvis hljóðritaði fyrsta lag sitt og skrifaði í framhaldinu fyrstu kafla rokksögunnar ásamt góðu fólki. „Þá var hljóðver Willie Mitchell, Royal Studios, heimsótt. Þar var að sjálfsögðu sett saman tiltæk súpergrúppa og talið í tvö lög. Standa vonir til að þær upptökur nái viðlíka hylli og síðasti risasmellur sem var hljóðritaður þar, Uptown Funk.“

Næst á dagskrá var STAX-safnið sem áður var útgáfufyrirtæki sem ruddi frá sér sálartónlistarsmellum á 6. og 7. áratug síðustu aldar. „Það var ekki amalegt að hafa tvo meðlimi Sálarinnar, Stefán Hilmarsson og Guðmund Jónsson, með í för og segja má að Sálin hans Jóns míns hafi loks náð að Gullna hliðinu þarna í Soulsville.“

**HJÖRTUN HREINSUÐ**

Rétt áður en hópurinn kvaddi Tennessee-fylkið skaust hann í sunnudagsmessu hjá æðstapresti sálartónlistarinnar, séra Al Green. „Predikarinn var sjálfur á staðnum og hóf upp innblásna raust við undirleik hljómsveitar hússins og safnaðar Green-ista. Mögnuð stund sem hafði mikil áhrif á mannskapinn og hreinsaði hjörtun.“

Þá var brunað niður til Clarksdale í Mississippi sem er eitt höfuðvígi blústónlistarinnar. „Þar fórum við að krossgötunum þar sem Robert Johnson er sterklega grunaður um að hafa átt í sálarviðskiptum við Kölska. Borgarstjórinn og Íslandsgóðkunninginn Bill Luckett tók á móti okkur á blúsklúbbnum Ground Zero sem þeir Morgan Freeman eiga saman. Þar var að sjálfsögðu talið í og munnhörpur og gítarar grétu sáran.“

Að síðustu var brunað niður til Louisiana, í hreiður djassins. „Þar spókaði hópurinn sig um í fótspor Louis Armstrong og fleira mektarfólks í franska fjórðungnum, brá sér í siglingu niður Mississippi-fljótið og drakk í sig Bourbon-stræti í einum teyg.“

Bragi segir ferðina hafa lukkast stórvel enda eigi svæðið ríka sögu og tónlistarleg sætindi. „Ég held að það sé óhætt að segja að ferðin hafi haft mikil áhrif á hópinn. Hún var full af furðum og uppátækjum, enda ekki annars að vænta þegar jafn fjölkunnugt og fjöltengt ofurmenni og Jakob Frímann sér um skipulagninguna. Mannskapurinn á örugglega eftir að vinna vel úr þessu öllu saman, a.m.k. á ég eftir að dusta rykið af rafmagnsgítarnum og ræða þetta aðeins nánar við hann í góðu tómi.“ ■ **starri@365.is**





BYLGJAN 989



# Lífið

FÖSTUDAGUR
18. SEPTEMBER 2015

Heilsuvísir
Sunna Skarphéðinsdóttir
HVAÐ ER BMI? 4

Matarvísir
Eva Laufey Kjaran
ÍTÖLSK MÁLTÍÐ MEÐ ÖLLU TILHEYRANDI 8

Tíska og trend
Elísabet Gunnarsdóttir
HÁRIÐ Í HNÚT 10



Eyrún Eggertsdóttir

## SUMA DAGA NENNI ÉG EKKI AÐ VERA FRUMKVÖÐULL

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

**Heilsuvísir**

## TEKIÐ Á Í RÆKTINNI



Berglind Óskarsdóttir er fatahönnuður sem leiðist ekki að taka á því í ræktinni. Þessi lög eru kjörin til hækka í þér púlsinn og fá þig til að sprikla. Fleiri lagalista má nálgast á Spotify-reikningi Heilsuvísis.

- **THE HILLS** *THE WEEKND*
- **WHAT ABOUT US** *TOTAL FT MISSY ELLIOTT*
- **NEXT EPISODE** *DR DRE FT SNOOP DOGG*
- **SINGLE LADIES** *BEYONCÉ*
- **LITTLE** *GREEN BAG* *GEORGE BAKER SELECTION*
- **IF I RULED THE WORLD** *NAS FT LAUREN HILL*
- **SUGAR** *MAROON 5*
- **STREET LIFE** *RANDY CRAWFORD*
- **HIT EM UP** *2 PAC*
- **LEAN ON** *MAJOR LAZER & DJ SNAKE*

# FYRSTU TÍU MÍNÚTURNAR ERU MJÖG MIKILVÆGAR

**Það skiptir máli fyrir andlega líðan og heilsu að velja að eyða fyrstu mínútum dagsins í að hugsa jákvætt um daginn sem er að byrja. Þú getur auðveldað sparað þér sporin með skipulagningu.**



**Friðrika Hjördís Geirsdóttir**
umsjónarkona Lífsins | rikka@365.is

Sumir dagar eru hreinlega erfiðari viðfangs en aðrir. Getur hugarfarið breytt þar um og hafa fyrstu mínúturnar eftir að þú vaknar einhver áhrif á komandi dag?

Hefurðu einhvern tímann vaknað í vondu skapi, farið fram úr, rekið tána í og komist svo að því, þér til mikillar mæðu og pirrings, að kaffið er búið? Þú finnur ekki eftirlætisbuxurnar þínar, snýrð þvottakörfunni við, tíminn líður og vinnan bíður. Þegar þú mætir í vinnuna finnst þér allir vera fúlir og varla bjóða góðan daginn. Svona líðast dagurinn áfram með tilheyrandi leiðindum þar til þú leggst blessunarlega aftur í rúmið og þakkar fyrir að þessi dagur komi aldrei aftur. Ég er nokkuð viss að öll eigum við okkar útgáfu af slíkum degi, ekki satt? Ég las grein um daginn þar sem verið var að skrifa um hvað fyrstu tíu mínútur dagsins skiptu miklu máli og það væru í raun þær sem legðu línurnar fyrir daginn. Í kjölfarið gerði ég tilraunir á sjálfri mér og komst að þeirri óvísindalegu niðurstöðu að það er nú barasta nokkuð til í þessu. Mér fannst til að mynda töluvert skemmtilegra að fara á fætur ef ég var búin að undirbúa komandi dag kvöldið áður, sjá til þess að börnin mín væru búin að tína til íþróttafötin sín og ég sjálf komin með sýn yfir hvað ég þurfti að gera í vinnunni. Það er mikil vinna að halda venjum í réttum farvegi en það gerir lífið svo miklu auðveldara og maður er frekar í stakk búinn að taka á móti hverju því sem mætir manni á leiðinni í gegnum daginn.



Verið meðvituð um hugsanir í morgunsárið, bjóðið þeim jákvæðu inn í hlýjuna en hendið þeim neikvæðu út í kuldann.

> „Verið meðvituð um hugsanir í morgunsárið, bjóðið þeim jákvæðu inn í hlýjuna en hendið þeim neikvæðu út í kuldann.“

Hér koma örfá góð ráð sem gætu mögulega hjálpað þér að eiga betri dag í dag en í gær.

Áður en þú opnar augun í morgunsárið, byrjaðu þá á því að ímynda þér að dagurinn verði frábær. Sjáðu fyrir þér að allt sem fram undan er gangi snurðulaust fyrir sig. Andaðu djúpt að þér, andaðu frá þér, brostu og opnaðu augun.

Undirbúðu daginn að mestu kvöldið áður, kíktu yfir verkefnalistann þinn í vinnunni og bættu við eða forgangsraðaðu. Undirbúðu börnin, vertu búin að taka fram þau föt sem þau þurfa svo að ekki skapist óþarfa streita á heimilinu í morgunsárið.

Komdu kerfinu aðeins í gang um leið og þú stígur úr rúminu, gerðu nokkrar armbeygjur eða teygðu aðeins úr þér. Andaðu djúpt að þér og frá, ekki skaðar það að hugsa um eitthvað fallegt á meðan á þessu stendur.

Verið meðvituð um hugsanir í morgunsárið, bjóðið þeim jákvæðu inn í hlýjuna en hendið þeim neikvæðu út í kuldann.

Verið þakklát, veljið eitthvað þrennt til þess að vera þakklát fyrir á hverjum morgni. Það er tilvalið að blanda því saman við morgunteygjurnar.

Rísi sá dagur að maður vaknar einfaldlega fúll og langar jafnvel innilega að fara fúll út í daginn, þá er það líka jafn leyfilegt og að velja gleðina. Ég skora samt sem áður á þig að gera á þér óvísindalega tilraun, niðurstaðan verður að minnsta kosti áhugaverð og ein af mörgum leiðum til að vera meðvitaðri í lífinu.






## LÍFIÐ MÆLIR MEÐ HUGARFRELSI




Hugleiðsla er góð leið til að róa hugann og hvíla líkamann og þarf ekki að vera bundin við fullorðna. Í Hugarfrelsi hafa höfundarnir Hrafnhildur Sigurðardóttir og Unnur Arna Jónsdóttir tekið saman æfingar fyrir börn og unglinga og uppalendur þeirra til að æfa hugleiðslu. Þetta getur leitt af sér betri einbeitingu, aukna vellíðan, jákvæðari hugsun og sterkari sjálfsmynd. Bókin er litrík og aðgengileg og ætti að vera til á hverju heimili þar sem börn og unglingar dvelja. Nú er mál að prófa og njóta.

**Lífið** www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Umsjón **Friðrika Hjördís Geirsdóttir** rikka@365.is • Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is • Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is
Forsíðumynd **Stefán Karlsson**


20-50% afsláttur
af völdum vörum!
FYRIRMYNDAR-
FYRIRTÆKI
KRINGLUNNAR
2015
HAUST-
SPRENGJA!
Frábær tilboð dagana 16-20. september
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
GOLLA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
St. S-XXL
BOLUR
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
St. S-XXXL
GOLLA
ÁÐUR 7.990
NÚ 5.990
St. 36-56
PEYSA
ÁÐUR 8.990
NÚ 6.990
St. S-XXL
PILS
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
St. S-XXXL
BUXUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
St. S-XXL
TÚNIKA
ÁÐUR 7.990
NÚ 5.990
St. S-XXL
LEGGINGS
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
St. 36-56
Blúndu
TOPPUR
ÁÐUR 7.990
NÚ 2.990
St. 42-56
KJÓLL
ÁÐUR 10.990
NÚ 6.990
St. S-XXL
PILS
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.490
St. S-XXXL
LEGGINGS
ÁÐUR 7.990
NÚ 3.990
St. S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.990
St. S-XXXL
PEYSA
ÁÐUR 7.990
NÚ 3.990
St. S-XL
KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.490
St. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

Heilsuvísir

# HEY ÞÚ ÞARNA MEÐ BUMBUNA!

Ég hef mikið pælt undanfarið í líkamsímynd og fordómum. Það er svo vandlifað þegar við erum alltaf að pota í næsta mann. Bæði stjórnum við hvernig hann eða hún á að vera, gera og finnast en einnig gerum við viðkomandi upp hugsanir um hvernig við sjálf eigum að vera og hugsa. Við sofnum aldrei á verðinum. Einhver sem er grannur í líkamsræktarfötum horfir örugglega á mig og hugsar að ég þurfi að drullast í ræktina. Þetta er ekki ímyndun heldur hef ég fengið að heyra það. „Elskan, svona sæt stelpa þarf ekki nema bara smá prógramm með einkaþjálfara og aðhald í mataræði og þá verðurðu fitt og flott," er sagt með brosi og höfði sem hallar til hliðar. Svona samúðarskilningur yfir því hversu ómöguleg ég er og hversu miklu betra líf mitt, og annarra sem þurfa horfa á mig, væri ef ég bara grennti mig smá og væri stinnari.

Ég ólst upp við sterkar kvenfyrirmyndir þar sem oft var talað um bumbuna. Við, konurnar í þessari ætt, erum með bumbu, svoleiðis er það bara. Þá er best að klæða sig bara eftir vexti og vera ekki að troða henni framan í gangandi vegfarendur. Ég hef nánast alltaf verið haldin sjúklegri bumbuþráhyggju. Það má ekki sýna hana, ekki fara í föt þröng yfir magann, alltaf að sjúga inn magann, passaðu brauðið, ekki fara í þröngar gallabuxur og fjárfestu í góðum aðhaldsnærbuxum. „Þú ert með það sem við þjálfarar köllum harða fitu, þú greinilega drekkur ekki nægilega mikið vatn," sagði einkaþjálfarinn er hann kleip í bumbuna með risa krabbakló. Ha?

## Vælandi af óhamingju en grönn!

Einu sinni var ég í ástarsorg. Ég kom ekki ofan í mig svo miklu sem saltstöng. Ég mældi götur borgarinnar og hafði bara garnagaulið mér til huggunar. „Gvuð elskan, þú lítur svo vel út," var sagt og ég föðmuð. Ég horfði ringluð með grátbólgin augu á viðkomandi. Átti ég að segja takk? Ég var svo morkin að innan, öll kramin, en ofsalega var ég með sléttan og fallegan maga! Að hugsa sér að eitthvað jákvætt kæmi úr svona slæmu!

## Flatur magi í bólinu

Eins og svo oft áður þá langar mig að kalla eftir hugarfarsbreytingu. Ég nenni ekki að lögga konurnar í kringum mig og skammast yfir því að þær „klæði sig ekki eftir vexti" því hvað þýðir það svo sem?! Ég las um daginn grein sem lýsti stellingum sem væru hentugar svo bumban væri minni og brjóstin héngu betur. Hættu nú alveg. Ég held að þetta sé stór ástæða þess að við eigum oft erfitt með að fá fullnægingu, það er líkamsvitund og óbeit á eigin líkama eftir áralanga hugarþjálfun. Nú vitum við að matur og næring eru ekki eina ástæða líkamsvaxtar og það að vera grannur þarf ekki að þýða hreysti. Það þurfa ekki allir að geta hlaupið maraþon því það hafa ekki allir áhuga á því. Þegar við förum að gæta betur að innri líðan þá mun heilsa og hreysti fylgja með, með og án bumbu. Það er mín kenning.

## Fyrirmynd – með bumbu

Ég nenni ekki að taka þátt í þessu. Nú er ég svo hamingjusöm og full þakklætis í hjartanu að á hverjum degi vakna ég og trúi varla að ég sé svona lánsöm og rík af ást og gleði. Svo opna ég fataskápinn. Suma daga nenni ég ekki að fá óléttukommentið svo ég vel víð föt. Suma daga nenni ég því. Þá tek ég slaginn. En af hverju þarf yfirhöfuð að taka slaginn, af hverju skiptum við okkur svona mikið af holdafari annarra? „Mamma, þú ert með svo stóra bumbu!" segir litla fallega dóttir mín sem að öllum líkindum hefur erft mitt holdafar. „Takk ástin mín, finnst þér mamma ekki falleg?" og þar stendur ekki á svari því henni þyki ég vera fallegasta kona í heimi, með bumbuna út í loftið.

